

Bstj. 30. nóvember 2011

**Borgarstjórn Reykjavíkur 30. nóvember 2011**

**Forseti:** Settur er fundur í borgarstjórn og fyrsta mál á dagskrá er fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar og þá tekur til máls borgarstjóri.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Fimm ára áætlun um rekstur og framkvæmdir Reykjavíkurborgar sem nú er fylgt úr hlaði tekur til árána 2012 til 2016. Eins og ég sagði við framlagningu þriggja ára áætlunar þann 11. ágúst síðastliðinn þá kalla óvissuskilyrði í ytra umhverfi Reykjavíkurborgar á ný vinnubrögð við undirbúning og gerð langtímaáætlunar. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram ásamt greinargerð eru viðhöfð ný vinnubrögð sem mér er sagt að hafi ekki sést áður hjá íslensku sveitarfélagi og þótt víðar væri leitað. Ég er afar stoltur af þessari vinnu, tel hana raunar tímamótaverk, og vona að hún eigi eftir að auðvelda okkur, kjörnum fulltrúum, að meta rétt aðstæður hverju sinni á næstu árum og taka réttar og góðar ákvarðanir í tíma.

Tilgangur með gerð fimm ára áætlunar er búa til heildaráætlun sem tekur á fjármálum sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði a- og b-hluta, sem gefur glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins; hvaða tekjum við getum gert ráð fyrir og hvernig við ætlum að ráðstafa þeim fjármunum; hvernig efnahagur okkar muni standa, hvaða breytingar verða á handbæru fé og hverju við höfum almennt úr að spila. Meginforsendur frumvarpsins byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Á þeim viðsjálu tímum sem við lifum á er ljóst að það er mjög erfitt er að búa til frumvarp á föstu verðlagi til fimm ára sem gefur þessa glöggu mynd. Það er mjög margt sem er óljóst, til dæmis um þróun fjárfestinga, hagvaxtar, atvinnumála, verðlags og gengis, og óhætt er að fullyrða að það er mjög erfitt fyrir nokkurn að spá fyrir um þessa framvindu þessara mála fimm ár fram í tímann. En tilgangurinn með fimm ára áætlun er öðru fremur að draga fram í dagsljósið fjárhagslegan ramma fyrir starfsemi a-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar til næstu fimm ára. Þar með fáum við í hendurnar tæki sem getur hjálpað okkur við stefnumótun því þannig vitum við með meiri fyrirvara hvernig aðstæður verða og getum forgangsraðað betur í ljósi þeirrar vitneskju.

Frumvarpinu er stillt upp á hefðbundinn hátt á föstu verðlagi í samræmi við reglur. En eins og öllum má vera ljóst er mikil óvissa um verðlag og gengi. Þess vegna er einnig gerð grein fyrir fimm ára áætlun a-hluta á breytilegu verðlagi og gengi samkvæmt forsendum þjóðhagsspár. Þessi breytta framsetning frumvarpsins dregur fram að verðlag og gengi, hvert svo sem það verður næstu fimm árin, getur

Bstj. 30. nóvember 2011

haft gríðarlega mikil áhrif á rekstur og fjármagnsliði til hins verra. Óvissan snýst ekki aðeins um verðlag og gengi og áhrif þess á tekjur, útgjöld og fjármagnsliði, heldur um mun fleiri þætti. Í frumvarpinu taka forsendur mið af þjóðhagsspá frá 8. júlí sl. og er unnið með fjölmarga þætti sem hafa víðtæk áhrif og þeir nýttir í spálíkönum borgarinnar til að meta áhrif þeirra á rekstur hennar. Má þar nefna þróun útsvars í samhengi við þróun vinnumarkaðar og launaþróun, þróun útgjalda í samræmi við áætlaða íbúaðróun og þróun viðkvæmra liða eins og fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta í samræmi við spá um fjölda atvinnulausra, hagvöxt, einkaneyslu og fleiri þætti.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekist á við þetta enn frekar með því að stilla upp fjórum nýjum sviðsmyndum sem hver um sig byggir á sérstökum forsendum um mismunandi þróun íslenska hagkerfisins og hins alþjóðlega umhverfis. Aðferðafræðin við gerð þessara sviðsmynda er sú sama og kynnt var með vinnuskjali fjármálaskrifstofu, borgarhagfræðings og skipulags- og byggingasviðs og lagt var fram í borgarráði í október 2010. Jafnframt er byggt á aðferðafræði í sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og sóknaráætlun 2020. Þessar sviðsmyndir eru vinnutæki og hluti af áhættugreiningu en ekki spá um það sem við höldum eða viljum að gerist.

Þessar sviðsmyndir draga fram bæði jákvæðar aðstæður sem skapa mikil sóknarfæri og einnig sviðsmyndir þar sem aðstæður eru neikvæðar og þörf á viðbragðsáætlun til þess að snúa þeirri þróun við. Frumvarpið sjálft er í rauninni ein af mögulegum sviðsmyndum. Það er líkleg leið miðað við núverandi forsendur. Náin tengsl eru á milli sviðsmyndanna og áhættugreiningar sem skapa stjórnámálamönnum tækifæri í tíma til að undirbúa rétt viðbrögð við mismunandi útkomum. Í þessu samhengi eru í dag einnig lögð fyrir borgarstjórn drög að atvinnustefnu fyrir Reykjavík sem er óaðskiljanlegur hluti af efnahagsáætluninni og mun borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson kynna þau drög hér á eftir. Á sama hátt er aðalskipulag Reykjavíkurborgar eitt af grundvallartækjum borgarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum til langs tíma en það er í endurskoðun um þessar myndir.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla þá að fara yfir frumvarpið sjálft og byrja á samstæðu Reykjavíkurborgar:

Bstj. 30. nóvember 2011

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er samkvæmt áætluninni jákvæð fyrir öll árin 2012 til 2016. Áætlað er að afkoman batni á tímabilinu um 7,1 milljarð miðað við fjárhagsáætlun 2012. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð enn betri en fjármagnsliðurinn verður þungur allt tímabilið vegna skulda b-hlutans. Með þessum góða rekstrarárangri eru forsendur til að greiða niður skuldir í samstæðunni í samræmi við aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig er gert ráð fyrir að Orkuveitan greiði niður skuldir að fjárhæð 82,3 milljarðar á tímabilinu sem er í samræmi við aðgerðaáætlun.

Áætlunin gerir ráð fyrir að lántökur Orkuveitunnar nemi um 5 milljörðum, þar af 4 milljarða lán frá eigendum árið 2013 og það er líka samkvæmt aðgerðaáætlun. A-hluti Reykjavíkurborgar áætlað að greiða niður skuldir að fjárhæð 5 milljörðum en á móti er gert ráð fyrir 16,1 milljarða lántöku vegna nýfjárfestinga. Félagsbústaðir gera ráð fyrir nýjum lánnum að fjárhæð 2,5 milljarðar vegna íbúðafjárfestinga, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins áformar að taka að láni um 177 milljónir vegna byggingar á nýrri slökkvistöð að Skarhólabraut í Mosfellsbæ og svo áætlað Sorpa að taka að láni um 2,2 milljarða vegna framkvæmda. Áætlað er að eigið fé samstæðunnar aukist um tæpa 40 milljarða á tímabilinu eða um 28%. Kennitölur samstæðunnar bera þess glögg merki. Þannig sést að eiginfjárhlutfall er aftur tekið að stíga eftir áföllin við efnahagshrunið, og er þar ekki síst að þakka aðgerðaáætlun vegna Orkuveitu Reykjavíkur.

Þá að rekstrarniðurstöðu a-hluta:

Áætlað er að rekstrarniðurstaða a-hluta verði einnig jákvæð allt áætlunartímabilið og verði komin í um 1,4 milljarða árið 2016. Frumvarp að fjárhagsáætlun 2012 gerir ráð fyrir 20 milljóna króna tekjuafgangi og er því áætlað að afkoma batni á tímabilinu um tæplega 1,4 milljarða. Áætlað er að útsvarstekjur miðað við óbreytt útsvarshlutfall hækki um 1,2 milljarð árið 2016 miðað við árið 2012 þegar tekið hefur verið tillit til framlaga í jöfnunarsjóð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á byggingarmagni eða álagningarhlutföllum fasteignagjalda. Auðvitað má segja að það sé mjög varfærið að gera ekki ráð fyrir auknu byggingarmagni en það er talið ráðlegt að svo stöddu. Áætlunin gerir ráð fyrir að þjónustutekjur aukist um tæplega 61 m.kr. vegna magnaukningar í þjónustu á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur aukist um 130 m.kr. sem skýrast af

Bstj. 30. nóvember 2011

söluhagnaði vegna sölu byggingarréttar. Gert er ráð fyrir að fjárhagsaðstoð lækki um 223 m.kr. og húsaleigubætur lækki jafnframt lítillega, eða um 62 m.kr. Áhrif magnbreytinga á útgjöld skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs nema 377 m.kr., einkum vegna fjölgunar barna á leikskólaaldri og aldraðra á tímabilinu. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður er óbreyttur, utan þeirra áhrifa sem er að finna í áhrifum magnbreytinga á skóla- og frístundasviði og á velferðarsviði. Afskriftir aukast um 490 m.kr. á tímabilinu vegna fjárfestinga. Fjármagnskostnaður dregst saman um 587 m.kr., sem skýrist af því að engin verðlagsáhrif er að finna í frumvarpinu.

Áætlað er að eignir aukist á tímabilinu 2012-2016 um 12,8 milljarða eða um 9,4%, skuldir og skuldbindingar aukist um tæpa 9 milljarða eða 15,5%, og eigið fé aukist um tæpa 4 milljarða, eða 5%. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 16,4 milljarðar á tímabilinu 2013-2016. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar 18 milljarðar brúttó. Tekjur af gatnagerðargjöldum eru áætlaðar 1,9 milljarðar og koma þær á móti fjárfestingum í götum. Þannig að nettó fjárfestingar nema 16,1 milljarði. Áætlað er að fjárfestingar í fasteignum verði um 7 milljarðar, í götum um 10,3 milljarðar brúttó eða 8,4 milljarðar nettó, og áhöldum, tækjum og stofnbúnaði um 700 m.kr.

Áætlaðar tekjur af sölu byggingarréttar nema 2,1 milljarði á tímabilinu. Fjármögnunarhreyfingar eru áætlaðar um 12,3 milljarðar og áætlað er að lántökur nemi tæplega 16,1 milljarði. Ég er að tala um tímabilið 2013-2016. Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána nemi tæplega 5 milljörðum, handbært fé frá rekstri er áætlað um 3,2 til 4 milljarðar ár hvert á tímabilinu og nemur aukningin um 875 m.kr. miðað við frumvarp 2012. Á myndinni um greiðslugetu a-hluta á blaðsíðu 23 í greinargerðinni má sjá að handbært fé frá rekstri ræður með afgerandi hætti við afborganir lána á tímabilinu. Áætlað er að handbært fé verði 20,4 milljarðar hjá a-hluta í árslok 2016.

Frumvarp að fimm ára áætlun 2012-2016 gerir ráð fyrir að kennitölur fyrir a-hluta breytist lítillega. Eiginfjárhlutfall lækkar aðeins á tímabilinu og verður komið í 55,6% í árslok 2016. Veltufjárhlutfall er áfram mjög sterkt og verður tæplega 3 í lok tímabils. Skuldsetningarhlutfall fer hækkandi vegna lántöku á móti fjárfestingum og fer í 68% á tímabilinu. Uppgreiðslutími lána hækkar og verður

Bstj. 30. nóvember 2011

um 12 ár 2014 og 2015 en lækkar aftur 2016 í 11 ár. Þrátt fyrir lækkun á eiginfjárlutfalli og hækkun á skuldahlutfalli ber efnahagur a-hluta vott um mikinn fjárhagslegan styrk, en borgin býr yfir sterkri lausafjárstöðu sem hefur verið byggð upp vegna mögulegrar áhættu vegna ábyrgða á skuldum b-hluta.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Í greinargerð með frumvarpinu er sýnt hvaða áhrif það hefur að taka tillit til verðlags- og gengisáhrifa. Þetta hefur almennt ekki verið skoðað við gerð þriggja ára áætlana hingað til og það kann að hafa leitt til útgjalda og fjárfestinga sem í raun ekki var forsenda fyrir. Ef gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki í takt við hækkun launavísitölu skv. þjóðhagsspá, að fasteignagjaldatekjur hækki 2013 um 7,5% en fylgi hagvexti samkvæmt þjóðhagsspá fyrra árs eftir það, að gjaldskrártekjur hækki samkvæmt vísitölu neysluverðs, að launakostnaður hækki í samræmi við kjarasamninga árin 2012-2013 en fylgi launavísitölu samkvæmt þjóðhagsspá 2014-2016, að annar rekstrarkostnaður að frátöldum bundnum liðum og afskriftum hækki samkvæmt vísitölu neysluverðs samkvæmt þjóðhagsspá og að bundnir liðir fylgi sérstöku mati, sem má sjá í viðauka, þá breytist niðurstaðan talsvert.

Til samanburðar við frumvarp á föstu verðlagi, þá er rekstrarniðurstaða um 1,1 milljarði lakari yfir tímabilið. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er hinsvegar um 2,8 milljörðum betri. Megináhrifin á rekstrarniðurstöðuna birtast þannig í fjármagnsliðnum, en nettó fjármagnsgjöld eru um 3,9 milljörðum hærra uppsafnað en í frumvarpi á föstu verðlagi. Fimm ára áætlun á breytilegu verðlagi gerir ráð fyrir að kennitölur fyrir a-hluta breytist nokkuð og meira en miðað við frumvarp á föstu verðlagi. Eiginfjárlutfall lækkar á tímabilinu og verður komið í 53,4% í árslok 2016. Veltufjárlutfall er áfram mjög sterkt og er yfir 3 í lok tímabils. Skuldsetningarhlutfall fer hækkandi vegna lántöku á móti fjárfestingum og er komið í tæplega 75% í lok tímabils. Uppgreiðslutími lána hækkar og verður um 11 ár 2013 til 2015 en lækkar aftur 2016 niður í 10 ár. Til samanburðar við frumvarp á föstu verðlagi er uppgreiðslutíminn einu ári skemmri en þar kemur fram.

Efnahagur a-hluta ber vott um áframhaldandi fjárhagslegan styrk. Handbært fé frá rekstri stendur vel undir afborgunum langtímalána og borgin býr yfir sterkri lausafjárstöðu sem hefur verið byggð upp eins og áður sagði vegna mögulegrar

Bstj. 30. nóvember 2011

áhættu vegna ábyrgða á skuldum b-hluta. Mikilvægt er samt að fylgjast vel með skuldastöðunni og setja borginni viðmið um hámarkshlutfall skulda á móti eigin fé, að teknu tilliti til stöðu samstæðunnar í heild. Bent er á að í greinargerð með frumvarpi að fimm ára áætlun er aðeins a-hluti settur fram á breytilegu verðlagi. Til framtíðar er mikilvægt að gera sambærilega greiningu á samstæðu borgarinnar.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla ekki í þessari ræðu að gera nákvæmlega grein fyrir þeim sviðsmyndum, forsendum og niðurstöðum þeirra, sem sýndar eru í greinargerðinni. Þær geta hver um sig varpað ljósi á það hvaða tækifæri kunna að leynast í framtíðinni. Ég myndi sjálfur vilja sjá auknar áherslur á umhverfissvæna borg en einnig önnur sóknartækifæri sem við getum nú skoðað í drögum að atvinnustefnu. Tækifærin sem liggja fyrir Reykjavíkurborg eru gríðarlega mörg og mikil en ef við ætlum að ná þeim verðum við að vinna að þeim með ákveðnum aðgerðum þannig að þær verði að veruleika. Annars er hætt við að þær verði einungis að dagdraumum. Þannig vinna fimm ára áætlunin sem efnahagsáætlun og atvinnustefnan saman að því að skapa okkur sýn og tækifæri til að vinna út frá.

En sviðsmyndirnar varpa líka ljósi á þær áhættur sem kunna að liggja í ytri aðstæðum á næstu árum. Við þurfum að vera vakandi fyrir þessum váboðum í ytri aðstæðum og vera tilbúin með viðbragðsáætlanir til að komast á rétta braut að nýju. Tilgangurinn með fimm ára áætlun er ekki aðeins að sýna eina mögulega leið heldur líka að greina þær ógnanir sem geta orðið á leiðinni og skapa þannig forsendur fyrir aðgerðaáætlunum sem koma á réttum tíma. Með frumvarpinu fylgja svo viðaukar, sem ekki eru beinn hluti þess, heldur ítarefni og hvet ég borgarfulltrúa til að kynna sér þá hluti eins og reyndar allt frumvarpið.

Það er fjármálaskrifstofa borgarinnar sem hefur borið hitann og þungann af vinnu við gerð fimm ára áætlunar. Þetta er frábært starf sem skýrir til lengri tíma innan hvaða ramma við sem hér sitjum getum athafnað okkur svo íbúar Reykjavíkur fái sem allra besta þjónustu. Þetta tæki mun gera alla skammtíma- og langtímaáætlunargerð á vegum borgarinnar mun betri og styrkir þar með fjármálastjórn borgarinnar, sem er forsenda góðrar þjónustu. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem hafa unnið ötullega að gerð þessarar áætlunar fyrir frábært starf, og þá sérstaklega fjármálaskrifstofu borgarinnar. Og

Bstj. 30. nóvember 2011

reyndar bara nota þetta tækifæri og þakka öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar fyrir frábært starf.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka Reykvíkum. Þið eruð þið sem eruð notendur þjónustunnar og það er fyrir ykkur sem við erum að reyna að gera okkar besta svo allir geti notið eða sem bestri og sanngjörnu þjónustu sem vöð er á hjá nokkru sveitarfélagi á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Það er markmið okkar að bæta þjónustuna til að gera borgarana glaða, því glaður borgari er góður borgari. Eflaust vaknar fjöldi spurninga hjá borgarfulltrúum en við höfum sem betur fer góðan tíma til að fara vel yfir frumvarpið fyrir seinni umræðu og munum svara öllum spurningum eins vel og ítarlega og hægt er þegar þar að kemur.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Með þessu frumvarpi leitast forsvarsmenn Reykjavíkurborgar við að tileinka sér aðferðafræði við áætlanagerð eins og hún gerist best og vera þannig í fararbroddi. Það er okkur til sóma og grundvöllur ábyrgðar fjármálastjórnunar. Ég vil ítreka að með þessari fimm ára áætlun hafa kjörnir fulltrúar nú fengið í hendurnar tæki sem gerir þeim kleift að móta stefnu til framtíðar, byggða á traustum og faglegum grunni, um hvaða fjárhagslega rými þeir hafa til að hreyfa sig innan.

Með samþykkt þessarar fimm ára áætlunar er um leið uppfyllt lagaskylda um skil á þriggja ára áætlun sem við erum þá að ganga frá, og það er gleðilegt frá því að segja, tæpum tveimur mánuðum fyrr en lög gera ráð fyrir. Með þeim orðum legg ég til að frumvarpi þessu verði vísað til annarrar umræðu. Þakka ykkur kærlega fyrir og þeim sem hlýddu.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bstj. 30. nóvember 2011

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Hér ræðum við, líkt og borgarstjóri kom inn á, fimm ár áætlun. Það er í fyrsta sinn sem það er gert í þessum sal. Auðvitað höfum við oft rætt svona áætlanir en þá í formi þriggja ára áætlana og það er vel að það sé þannig að nú liggi hún í raun og veru fyrir í gegnum þetta plagg, fyrr heldur en áætlanir gerðu ráð fyrir, en það voru ekki þau vinnubrögð sem við sáum hér fyrir nokkrum mánuðum síðan. Eins og borgarstjóri kom líka inn á í sinni ræðu er þetta plagg reyndar ekki lögbundin skylda sveitarfélaga, lögbundin skylda lýtur að þriggja ára áætlun, þannig að við erum ekki skyldug til þess að skila inn fimm ára áætlun en það breytir þó engu um það að ef það væri vel að því verki staðið eða væri raunverulega að því staðið eins og borgarstjóri lýsti hér í ræðu sinni, ef það væri rétt og satt, þá held ég að við værum að gera góða hluti og ég vildi óska að okkur hefði tekist það.

Ég er hinsvegar þeirrar skoðunar að það sé langt frá því, ég hef fengið tvo sólarhringa til þess að fara yfir þetta plagg og ég er þeirrar skoðunar að það sé langt því frá að hér sé á ferðinni einhverskonar tímamótaverk, eins og borgarstjóri nefndi og líkti þessu við. Það er svona dálítill Dagur B. Eggertsson í því að áætlanagerð séu einhver tímamótaverk, menn eru uppteknari af áætlunum heldur en aðgerðum, en látum það vera. Það má þó klárlega færa fyrir því rök svo allrar sanngirni sé gætt, eins og ég sagði áðan, að það séu ákveðin tímamót fólgin í því að við séum að vinna með áætlun til fimm ára og ég er þeirrar skoðunar að ef við hefðum nýtt það tækifæri vel, þá gæti hér verið á ferðinni ansi merkilegt og jafnvel ansi mikilvægt plagg. En það sem hér liggur frammi fyrir okkur í dag er það því miður ekki.

Ég vil engu að síður þakka þeim starfsmönnum sem að verkinu hafa komið. Fyrst og síðast auðvitað fjármálastjóra og fjármáladeildinni. Það er ekki því starfsfólki um að kenna að plaggið er ekki betra en raun ber vitni, það er vegna þess að það virðist skorta alla ákvörðun um það hvert þetta plagg átti að fara eða hvaða tilgangi það nákvæmlega þjónar. Þannig að eins og hefur komið fram, og borgarstjóri er alveg sanngjarn í því, þegar hann talar um það að áætlunin feli í rauninni ekki í sér neina sýn, ekki heldur neina pólitíska stefnu, heldur er það sem hér er um að ræða og þess vegna er þetta ekki neitt tímamótaplagg, það sem hér er

Bstj. 30. nóvember 2011

um að ræða er hefðbundin framreiknuð fjárhagsáætlun ásamt greinargerð um stöðuna með ákveðnu efni sem við borgarfulltrúar sem höfum setið hér lengur en í þetta kjörtímabil höfum oft séð áður með einum eða öðrum hætti, það er að segja greinargerðina sem lýsir stöðunni eins og hún getur orðið við ólíkar forsendur.

Og mér finnst þess vegna því miður, forseti, að þessi fimm ára áætlun sem hér er il umræðu sé enn eitt dæmið um glatað tækifæri þessarar borgarstjórnar til nýrra áherslna, nýrra vinnubragða og aukinnar sáttar á okkar ágæta vettvangi. Borgarstjóri talar um að þetta séu einmitt merki um ný vinnubrögð. Það er alveg rétt hjá borgarstjóra að þetta plagg hefur ekki verið lagt fram hér áður en það er ekkert nýtt í plagginu. Það er ekki nóg að skíra það fimm ára áætlun og telja að í því felist nýjungar þegar er ekkert nýtt í plagginu. Mig langar hinsvegar, forseti, til þess að það sé ekki eins og það sé bara kastað þessu hér fram í einhverri ósanngirni gagnvart meirihlutanum, að útskýra aðeins hvað ég á við. Ég er þeirrar skoðunar að það geti verið gott fyrir sveitarstjórnir og fyrir borgarstjórn að leggja í þá vegferð að vinna fimm ára áætlun. Ég vil taka það fram.

Ég tel hinsvegar að slík áætlun, sökum þess tíma sem henni er ætlað að ná yfir, það er að segja meira heldur en eitt kjörtímabil, inn í næsta kjörtímabil, krefjist enn víðtækara pólitísku samráðs og en fjölbreyttari pólitískra og lýðræðislegra leiða en aðrar áætlanir sem við ræðum hér um. Annað hvort áætlanir sem bara ná yfir eitt ár eins og fjárhagsáætlun, sem þá eðlilega endurspeglar vilja þáverandi meirihluta, eða flestar þriggja ára áætlanir sem einnig eru innan kjörtímabila og eru þess vegna unnar eftir öðrum leiðum og endurspegla ákveðna hluti. Þessari áætlun, fimm ára áætlun, henni er hinsvegar ætlað að teygja sig vel inn í næsta kjörtímabil og það er einmitt ástæðan fyrir því að ég tel að við hefðum þurft að kalla miklu fleiri að borðinu, reyna að freista þess að vinna áætlunina með allri borgarstjórn, hvort sem menn eru núna í meirihluta eða minnihluta, enda getur þetta allt orðið gjörbreytt innan þess ramma sem við erum hér að ræða og við hefðum átt að fá eins breiðan hóp annarra að verkinu eins og frekast var unnt. Þá fyrst hefði verið hægt að tala um tímamótaverk. Þá hefðum við fyrst verið að nýta það tækifæri sem áætlunin gaf okkur og mér finnst leiðinlegt að okkur hafi ekki tekist það.

Bstj. 30. nóvember 2011

Því miður var þetta ekki unnið þannig og eins og ég sagði áðan, þá er þar fyrst og síðast um að kenna skorti á pólitískri forystu í þessu verkefni, skorti á því að til dæmis borgarráð hafi farið yfir málið og greint og unnið sameiginlega að því hvernig best væri að halda á vinnunni. Plaggið virðist í öllum meginatriðum, og það hefur svosem enginn dregið dul á það, það er unnið af og verkstýrt af fjármálaskrifstofu. Og með fullri virðingu fyrir fjármálaskrifstofu, þá var fjármálaskrifstofan ekki kjörin til þess að fara með slíkt stefnumótunarhlutverk, heldur á hún að vinna í umboði pólitískra fulltrúa. Enginn hefur hinsvegar upplýst nákvæmlega um það hver hafði þessa pólitísku forystu fyrir verkinu, ekkert fagráð virðist hafa komið að vinnunni, borgarráð sá plaggið fyrst á aukafundi sínum á mánudag og borgarfulltrúar sem í þessum sal sitja sáu það fyrst síðar þann dag.

Ekkert samráð var þess vegna haft á fyrri stigum, engin tilraun til að gera þetta vel, engin tilraun til að ná almennilega utan verkefnið og engin tilraun, engin alvöru tilraun, til þess að meta það í sameiningu hvert væri líklegt að borgin okkar myndi stefna á næstu árum eða, sem er enn stærri spurning, hvert við teljum best að hún stefni á næstu fimm árum. Það er þess vegna sem þessi fimm ára átætlun er ekkert tímamótaplagg, það er ekkert nýtt í henni, hún felur ekki í sér neina stefnumótun eins og borgarstjóri hefur sjálfur sagt heldur er hérna einungis um að ræða framreikning á fyrirliggjandi fjárhagsáætlun. Og það er svosem, svo líka allrar sanngirni sé gætt, þá er það ekkert, miðað við það við hvaða aðstæður við búum, miðað við það hvernig sveitarfélögin eru að liggja fram sínar þriggja ára áætlanir, þá skulum við virða okkur það okkur sjálfum og öðrum til vorkunnar að það er mjög erfitt að áætla hlutina eða setja þá fram þannig að það sé hægt að nákvæmlega segja til um það í þessari aðstöðu og þess vegna hafa auðvitað mörg sveitarfélög skilað einhverju sem okkar á milli hefur verið kallað copy/paste áætlanir.

Þrátt fyrir að þetta sé umfangsmeira plagg, vegna þess að það er búið að setja inn í það allskonar aðra hluti sem gæti allt eins verið greinargerð á vegum fjármálaskrifstofu, þá engu að síður felur þessi stefnumótun ekki í sér neitt annað en framreikning á fyrirliggjandi fjárhagsáætlun og okkur hefur ekki tekist og við svörum í engu í þessu plaggi þeim stóru spurningum sem við ættum að vera að reyna að svara um hvert skuli stefna og hvert við sjáum borgina okkar fara og

Bstj. 30. nóvember 2011

hefði verið spennandi að glíma við. Þannig að mér finnst engin alvara á bakvið þennan endalaus fagurgala um mikilvægi þess að vinnubrögðin breytist og stjórn málin breytist og við tökum öðruvísi á hlutum eða að lýðræðið verði umfangsmeira. Öðru nær finnst mér sjaldan hafa verið haldið jafnfast í gamlar hefðir, gamlar mýtur um það hvernig hlutirnir hafa alltaf verið gerðir, eins og þetta plagg endurspeglar, í stað þess að leyfa sér að spyrja nýrra spurninga og leita annarra svara. Þannig að ég ítreka það, hæstvirtur forseti, að ég tel því miður að þessi framlagning fimm ára áætlunar endurspegli enn og aftur að við höfum glatað góðu tækifæri til þess að vinna sameiginlega að hagsmunamálum borgarbúa og gera það af metnaði og geta lagt þetta hér fram, jafnvel í sameiningu. Það hefði meira að segja verið hægt hér, að leggja þetta plagg fram í sameiningu með ákveðnu stolti yfir því hvernig okkur hefði tekist að vinna með hlutina.

Það er nákvæmlega þess vegna, hæstvirtur forseti, sem þessi áætlun sem hér er lögð fram, þessi fimm ára áætlun, hefur því miður ósköp lítið gildi fyrir borgarbúa. Hún getur haft ákveðið gildi fyrir kerfið sjálft, getur haft ákveðið gildi fyrir fjármálaskrifstofu til að átta sig á hlutunum, hún getur haft ákveðið gildi fyrri skrifstofunnar hér í Ráðhúsinu, jafnvel fyrir sviðin, sem reyndar, fagráðin hafa ekki komið að málinu, en hún hefur nákvæmlega ekkert gildi fyrir borgarbúa. Og í raun og veru tel ég að eins og plaggið er hér fram lagt, þá eigi hún ósköp lítið erindi hingað inn í borgarstjórn nema þá í formi þriggja ára áætlunar. Til þess finnst mér þessi áætlun hvorki nógu vel undirbúin né nægilega vel unnin eða nægilega rædd í okkar hópi. Því ef við ætlum að stíga þetta stóra skref, að taka fimm ára áætlun alvarlega, sem ég hefði verið reiðubúin að taka þátt í, þá hefðum við átt að vinna það öðruvísi. Þess vegna held ég að hefði verið farsælast að vísa því plaggi sem nú liggur hér frammi til frekari vinnslu hjá borgarráði, sem hefði þá getað vísað einstaka þáttum þess til fagráða og svo hefðum við unnið það í sameiningu og af alvöru til þess að tryggja að þetta væri áætlun sem hægt væri raunverulega að byggja á og vinna með og hefði eitthvað gildi fyrir Reykjavík og framtíðina.

Það hefði verið vinna sem ég efast ekki um að öll borgarstjórn hefði verið reiðubúin í og hefði líka getað verið einstakt tækifæri fyrir okkur til að ýta til hliðar hefðbundnu dægurþrasi stjórn mála, horfa lengra og í sameiningu draga

Bstj. 30. nóvember 2011

fram þau tækifæri sem Reykjavík getur nýtt og á að nýta í framtíðinni. Meirihlutinn getur að mínu mati enn sett þetta mál í þann farsæla farveg og ég hvet fulltrúa hans til að íhuga það á milli umræðna og freista þess að ná sátt um þetta mál og vinna það þannig að við getum raunverulega lagt það fram sameiginlega og sýnt borgarbúum til þess að við höfum til þess þroska. Það má vel vera að stjórnmalamenn eigi erfitt með að ræða oft málefni líðandi stundar án þess að inn í það blandist einhverskonar tilfinningar fyrir sögu, fortíð og jafnvel framtíð en ég tel að þegar um er að ræða svona plagg eins og þessi áætlun er, þá sé það margt sem borgin á, það er margt sem borgin vann á síðasta kjörtímabili, líka margt sem borgin hefur verið að vinna núna, hlutir eins og, mér dettur nú fyrst í hug af því að ég horfi hér á Einar Örn Benediktsson, til dæmis ferðamálastefnan sem ég held að sé mjög metnaðarfull og við hefðum getað fléttað inn í þetta plagg og fleiri hlutir sem við hefðum getað gert í sameiningu og hugsanlega þannig náð hér betri sátt um fullt, fullt af öðrum málum þannig að ég held að það hefði verið mjög gagnlegt ferli fyrir okkur.

Eins og ég sagði áður, hæstvirtur forseti, þá hefur þessi fimm ára áætlun ekki fengið neina umræðu í fagráðum eða í borgarráði. Reyndar virðist svo sem enginn borgarfulltrúi sé almennilega upplýstur um þessa vinnu ef marka má þá umræðu sem fram fóru um málið á aukafundi borgarráðs á mánudag þar sem allir, jafnvel borgarstjóri, virtust vera að sjá þessa pappíra í fyrsta sinn. Það var allavega ekkert annað sem gaf okkur tilefni til annars en að trúa því sem okkur var sagt að, á fundi borgarráðs á fimmtudaginn var sagt að plaggið væri ekki tilbúið og yrði ekki tilbúið fyrr en á mánudaginn og við fengjum það á sama tíma og fulltrúar meirihlutans og ég ætla ekki að draga það í efa að það sé rétt. En sú staðreynd kemur hinsvegar niður á þessari vinnu og hún kom eðlilega á þessum fundi niður á annars góðri kynningu fjármálaskrifstofu, en vonandi verður úr því bætt á næstunni.

Engu að síður vil ég með leyfi forseta kynna bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna frá því á fundinum á mánudag, auk þess sem ég vil leggja fram nokkrar spurningar sem ég óska eftir svörum við. Bókunin okkar var svohljóðandi, með leyfi forseta:

Bstj. 30. nóvember 2011

Þrátt fyrir að það komi varla lengur á óvart að meirihlutanum gangi illa að viðhafa vönduð vinnubrögð eða halda sig innan tímaviðmiða, er það mjög slæmt að nú sé boðað til aukafundar í borgarráði og borgarstjórn í lok árs vegna áætlunar sem samkvæmt yfirlýsingum og áætlunum átti að liggja fyrir sl. haust eða í september. Á fundi borgarráðs sl. fimmtudag kom fram að enn væri áætlunin ekki tilbúin, þá 3 mánuðum eftir að hún átti að liggja fyrir, og hana með engu móti hægt að afhenda í aðdraganda aukafundar borgarráðs í dag. Borgarráðsfulltrúar eru því að sjá þessi gögn fyrst núna, þrátt fyrir að því sé haldið fram að þessi vinna hafi staðið yfir allt þetta ár. Hvorki borgarráð né önnur fagráð virðast með nokkrum hætti hafa komið að þessari vinnu og ef það er rétt að borgarfulltrúar meirihlutans séu einnig lítið sem ekkert upplýstir um þessa vinnu, þá segir það enn meira um það hversu illa er að verkinu staðið. Þannig fengust engin svör um það á fundinum í dag hvernig haldið hafi verið á undirbúningi áætlunarinnar gagnvart fagráðum, formönnum eða stjórnkerfinu almennt. Við fyrstu sýn virðist því sem frumvarpið innihaldi enga stefnu eða pólitíska sýn, heldur aðeins upplýsingar um forsendur fjármála borgarinnar næstu árin. Nær væri að leggja slíkt plagg fram sem minnisblað eða greinargerð en varla sem frumvarp til fimm ára áætlunar.

Ég vil einnig, í framhaldi af þessari bókun, forseti, óska eftir svörum borgarstjóra á fundinum við eftirfarandi spurningum, ég held að þeim hljóti að vera hægt að svara án þess að menn þurfi undirbúning til þess, enda eru þær ekki um innihald áætlunarinnar. Fyrsta spurningin er svona: Hver er ástæða þess að í ágúst var tilkynnt að fimm ára áætlun lægi fyrir í september, en hún er fyrst að birtast borgarfulltrúum nú í lok nóvember? Ef borgarstjóri kannast ekki við þessar tímasetningar, er rétt að benda á yfirlýsingar aðstoðarmanns hans og formanns borgarráðs í fjölmiðlum í ágúst, auk þess sem borgarstjóri sjálfur sagði orðrétt í umræðum um málið hér í borgarstjórn að gert væri ráð fyrir því að meginlínur áætlunarinnar myndu liggja fyrir í lok september.

Í öðru lagi langar mig að spyrja borgarstjóra að því hver sé ástæða þess að kjörnir fulltrúar virðast í engu hafa komið að þessari vinnu? Til frekari skýringar er þannig spurt hverjir hafi leitt þessa áætlanagerð og hvernig hún hafi verið unnin. Sérstaklega er spurt um aðkomu kjörinna fulltrúa og fagráða, formanna þeirra og borgarstjóra sjálfs, hver hafi verið aðkoma þessara aðila að verkinu vegna þess að það er alveg ljóst að borgarfulltrúar minnihlutans komu ekki að því og ég óska eftir upplýsingum um það hvernig aðrir aðilar, kjörnir fulltrúar, komu að vinnunni og ef það er rétt að þeir komu raunverulega ekki að vinnunni, hver sé þá ábyrgðaraðili í raun og veru þessa plaggs.

Bstj. 30. nóvember 2011

Í þriðja lagi er spurt hvort þessari áætlun hafi aldrei verið ætlað að fela í sér stefnumótun til næstu fimm ára, hvenær og hvernig það hafi verið ákveðið að hér skyldi einungis um framreikning að ræða og hvort borgarstjóri sé reiðubúinn, eins og ég nefndi hér áðan, að beita sér fyrir því að setja málið í annan farveg. Ástæðan fyrir því að ég nefni þann möguleika, í stað þess bara að gagnrýna plaggið og vilja ekki bera á því neina ábyrgð, er sú að ég vil gjarnan bera ábyrgð á plagginu. Ég myndi helst kjósa að borgarstjórn öll bæri ábyrgð á plagginu. Ég held að það væri farsælt fyrir meirihlutann, ég held að það væri farsælt fyrir minnihlutann og ég held að það væri farsælt fyrir borgina alla.

Eins og borgarstjóri réttilega nefndi, þá eru engin tíma..., það er ekkert þannig að borgarstjórn verði að leggja fram fimm ára áætlun á þessum tímapunkti. Ég skil alveg að menn vilji gera það í lok þessa árs vegna þess að annars væri þetta ekki lengur orðið, annars væri tímaviðmiðið aðeins annað, en ég held að það væri farsælt fyrir okkur og ég allavega lýsi mig og okkur í Sjálfstæðisflokknum reiðubúin til þess að setjast yfir verkefnið og athuga hvort við getum fundið á því flöt að vinna það sameiginlega þannig að það megi meira verða úr því og við getum rifist hér um eitthvað annað heldur en form og fyrirkomulag og vinnubrögð, sem ekki eru til fyrirmyndar í þessu, og þess vegna ítreka ég vilja okkar til þess og spyr borgarstjóra að því hvort menn séu reiðubúnir að setjast yfir það hvort það sé hægt að nálgast verkefnið öðruvísi.

Ég hef nefnt það hér að framan að hér sé að mestu leyti um einfaldan framreikning á fyrirliggjandi fjárhagsáætlunum og þá aðallega yfirstandandi árs að ræða. Það er rétt að geta þess, eins og ég sagði líka, að plaggið eins og það er liggur fyrir okkur hér á fundinum inniheldur einnig greinargerð frá fjármálaskrifstofu um það sem kallað eru mögulegar sviðsmyndir til næstu ára. Þessi vinna er um margt athyglisverð. Hún var að stofninum til unnin með aðkomu allra borgarfulltrúa, fjölmargra starfsmanna og fagaðila úr samfélaginu sem saman komu til þeirrar vinnu árið 2009. Sú vinna var leidd af Svanhildi Konráðsdóttur sviðsstjóra og sú vinna fór meðal annars fram á vinnudegi þar sem kom stór hópur aðila víða að úr samfélaginu, úr atvinnulífi, menningarlífi, skólastarfi, stjórnsýslu og víðar. Úr þeim hugmyndir vann svo starfshópur undir stjórn Svanhildur sem skilaði af sér mjög ítarlegu og stefnumótandi plaggi sem ber yfirskriftina Sóknaráætlun fyrir

Bstj. 30. nóvember 2011

Reykjavík – skrefi á undan. Sem ég geri nú ráð fyrir að allir hér hafi kynnt sér og lesið. Sú útgáfa var kynnt á fyrir íbúum á íbúapingi hér í Ráðhúsinu og svo tekin til sérstakrar umræðu hér í borgarstjórn.

Ég tel að það sé margt í þessu plaggi sem sé merkilegt og sé í raun og veru framhald af þessari vinnu sem hvíldi á þessari vinnu við sviðsmyndagerðina. Í þessari sóknaráætlun, sem reyndar var unnin þannig að við í borgarráði sammæltumst um ákveðin nöfn sem við vildum helst sjá í þessum hópi undir forystu Svanhildar Konráðsdóttur, en þar sat enginn kjörinn fulltrúi hinsvegar. Nú hristir Dagur B. Eggertsson höfuðið, hann kom hinsvegar með hugmyndir að nöfnum sem voru sett þarna inn í þennan hóp, alveg eins og Svandís Svavarsdóttir kom á sínum tíma með hugmyndir, ég gerði það líka og fleiri og úr þessu varð mjög góður hópur, held ég bara fínn þverskurður af atvinnulífi, menningarlífi og víðar, sem kom að því að skrifa þessi drög að sóknaráætlun sem voru unnin líka eftir vinnufund sem við áttum. Og sú sóknaráætlun felur í sér hluti eins og sérstakar áherslur á framtíðarfólkið í borginni, sérstaka áherslu á grænu borgina, sérstaka áherslu á menninguna og svo framvegis og svo framvegis.

Þar settu menn fram ákveðna áætlun um það hvernig best væri að taka á málefnum Reykjavíkurborgar, það var talað um á næstu 5-15 árum. Ástæðan fyrir því að þetta heitir Skrefi á undan, þetta plagg, var sú að með allri þessari vinnu vorum við að leggja áherslu á það að Reykjavíkurborg myndi ekki vera á eftir atvinnulífi og umhverfi í hlutum er tengdust borginni, heldur gætum við verið á undan og tryggt það að við gætum einhvern veginn ráðið þannig við kreppuna að hún myndi ekki koma sér verr fyrir okkar samfélag en þegar var orðið. Og ég held að á þessari vinnu hefði til dæmis þessi fimm ára áætlun, sem við nú erum að ræða um, hefði hún átt að hvíla. Ég held að við hefðum átt að reyna að mynda samstöðu um það að ákveðnir hlutir þar ættu að vera hluti af framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í staðinn fyrir að velta endalaust upp möguleikum, ég meina, hér er velt upp möguleikanum á kreppuborginni. Hver í ósköpunum ætlar að leggja áherslu á það að við vinnum þannig á næstu árum? Er það einhvern veginn hluti af áætlun Reykjavíkurborgar? Við hljótum að vera sammála um það að við ætlum ekki að stefna þangað. Við hljótum að vera sammála um að við ætlum að stefna eitthvað allt annað.

Bstj. 30. nóvember 2011

Þannig að ég hefði talið að við ættum að reyna að nálgast þessa áætlun þannig að hún væri raunveruleg sýn um það sem við viljum sjá en ekki einhver endalaus rauð ljós um það sem við viljum ekki sjá. Ég vona að ekkert okkar standi hér upp og segi: ég vil að í framtíðinni byggjum við upp kreppuborgina og við ætlum að nálgast verkefnið þannig. Þannig að öll sú lína er náttúrulega miklu frekar bara einhver hluti af greinargerð heldur en eitthvað sem ætti að tilheyra þessu frumvarpi sem hér liggur frammi.

Og svo eru líka aðrir hlutir eins og ég nefndi hér sem hafa verið unnir á þessu kjörtímabili sem við ættum að vera að skoða í sameiningu og vinna að því að væri hluti af þessari fimm ára áætlun. Ég nefndi hér áðan þætti er tengjast ferða- og menningarmálum. Ég get nefnt þætti eins og plaggið sem við ræðum hér á eftir sem eru drög að atvinnustefnu, sem ég reyndar geri ákveðnar athugasemdir við en hefði alveg verið reiðubúin að skoða í samhengi við þetta og margt annað sem við ættum að vera að skoða, margir aðrir hlutir sem við höfum verið að vinna með sem við hefðum átt að taka inn í þetta.

Og þá stæðum við hér og værum að ræða raunverulegt plagg sem væri að boða það að borgin væri raunverulega skrefi á undan og við værum að innleiða hér hluti þar sem borgarbúar gætu séð hvert við stefndum en ekki bara einhverja kosti sem við stöndum frammi fyrir. Ég ætla þess vegna ekki, forseti, að fara hér yfir einstaka málaflokka enda afar lítið nýtt þar og getur svosem ekki verið neitt nýtt þar vegna þess að ráðin hafa ekki komið að því. Að auki má ætla að sú umræða verði reifuð betur hér við síðari umræðu. En vegna alls þessa sem ég hef hér rakið, þá er lítið nýtt í raun og veru um þessa áætlun að segja, annað en það sem hefur verið ítrekað sagt í þessum sal um fjárhagsáætlanagerð núverandi meirihluta. Öllum má ljóst vera að um þær megináherslur sem ríkt hafa í fjárhagsáætlun meirihluta Besta flokksins og Samfylkingar er ekki samstaða hér í borgarstjórn, enda allt samráð um þá stóru hluti löngu að engu orðið og tilheyrir fortíðinni að vinna það í sameiningu þannig að nú eru allar fjárhagsáætlanir auðvitað bara, eins og þær hafa svosem alltaf verið en algjörlega á ábyrgð meirihlutans og aðkoma minnihlutans er þar engin.

Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum ítrekað sagt og það á alveg jafnt við nú eins og áður, að við teljum það grunnstef sem fjármálastjórn þessa

Bstj. 30. nóvember 2011

meirihluta byggir á, við teljum það grunnstef rangt og hefðum viljað sjá allt aðrar áherslur. Helst greinir okkur þá á um skattana og ég held að við náum svosem ekkert saman um það en við hefðum getað reynt, eins og við höfum gert hér áður, að taka það aðeins út fyrir sviga og horfa á aðra þætti. En við erum sannfærð um það að þeir skattar sem hér eru í Reykjavík séu bæði alltof háir og líka óþarflega háir, kerfið þurfi ekki á öllum þessum sköttum að halda. Við teljum þannig að með forgangs röðun sinni sé Reykjavík að vernda kerfið á kostnað fólksins og okkur finnst það ekkert betri aðferð þegar henni er beitt fimm ár í röð, eins og í fyrirbyggjandi frumvarpi, heldur en þegar henni er beitt eitt ár í einu.

Og þess vegna er það, því miður, hæstvirtur forseti, sem ef það eru einhver tíðindi í þessu plaggi fyrir borgarbúa, sem ég tel reyndar að séu ósköp lítil, en ef það eru einhver, þá er það það að Reykjavíkurborg hyggst ekki láta af slíkri skattheimtu, Reykjavíkurborg hyggst ekki stefna að því að bjóða íbúum sínum lægri skatta en í öðrum sveitarfélögum, heldur skal, ef menn ráða hér för næstu fimm árin, halda þeirri skattheimtu óbreyttri. Skilaboðin til almennings eru því nákvæmlega þau sömu og þau hafa verið allt þetta kjörtímabil, kerfið þenst út á kostnað íbúanna og það stendur ekki til að breyta því. Allar þær stjórnkerfisbreytingar sem hafa verið boðaðar til hagræðingar og sparnaðar ítrekað hér eru algjörlega ósýnilegar í þessari áætlun, eins og borgarstjóri benti á er það bara framreiknuð sama tala, hann lá svosem ekkert á því, þannig að mér finnst skorta hugrekkið sem þarf til að segja: hugsum hlutina upp á nýtt, förum saman í þá vinnu og spyrjum okkur hvað sé mikilvægast og hvernig best sé að tryggja það.

Það er þess vegna, og ég vil einnig nefna það af því að ég tók eftir því að borgarstjóri gerði það að sérstöku umtalsefni í sinni ræðu, það eru þær lántökur sem borgarsjóði er ætlað að fara í á þessu tímabili, ég tel að þær lántökur séu alltof, alltof, alltof háar og það eru lántökur sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson boðaði hér á síðasta kjörtímabili til að fara í framkvæmdir, það er hægt að verja slíkt í mjög skamman tíma meðan erfiðustu hlutirnir ganga yfir, en í svo langan tíma erum við bara komin of nálægt því sem okkur er leyfilegt að borgarsjóður finnst mér, mér finnst menn tefla á tæpasta vað í því og ég hefði talið að það væri farsælla að draga úr þessum lántökum á þessu tímabili frekar en að stefna svona nærri því hlutfalli sem við megum vera með samkvæmt lögum og við

Bstj. 30. nóvember 2011

erum komin ansi nálægt nú þegar og ég vil nefna það að ég hef mjög miklar efasemdir um að það sé farsælt að gera það þannig.

En fyrst og síðast, hæstvirtur forseti, ítreka ég það sem ég hef áður sagt að ég tel því miður að með framlagningu þessarar áætlunar sé á ferðinni glatað tækifæri sem ég hefði viljað óska að við hefðum getað nýtt og ég held að við hefðum nýtt ef menn væru ekki svona uppteknir af því að annað hvort nýta ekki það sem fyrir er eða þá að fara ekki nýjar leiðir í því að reyna að ná saman, við öll borgarstjórn, um einhverja þætti. Eða ef menn væru ekki svo uppteknir af því að einhvern veginn vinna þetta einir og sér og það sé einhver eignarréttur á því, þá held ég að við hefðum getað náð góðum árangri, ég held að það hefði verið spennandi fyrir alla borgarstjórn að freista þess, af því að það hefur ekki gengið hjá okkur með fjárhagsáætlun fyrir einstakt hvert og eitt ár en væri án efa að mörgu leyti auðveldara fyrir okkur að horfa svona langt fram í tímann saman og mér finnst slæmt og leiðinlegt að okkur skyldi ekki auðnast að gera það þannig og ég hvet meirihlutann til þess að íhuga það að láta á það reyna hvort við getum enn nýtt tímann til að gera hlutina þannig.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon. Fyrirgefðu. Mér urðu á smámistökk. Borgarstjóri hafði óskað þess að fara í andsvar, fyrirgefðu, við ræðu borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Afsakaðu.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil bara þakka borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur fyrir góð orð og ætla aðeins að fara kannski hérna yfir svör við spurningum eins og ég mögulega get. Mér finnst kannski í orðum borgarfulltrúans kannski aðeins of harkalegur dómur á þessa vinnu og gera svolítið lítið úr vægi fjármáladeildarinnar. En eins og ég hef séð þessa vinnu, þá er það ekkert launungarmál að fjármálastjóri borgarinnar hefur borið höfuð og herðar, hefur borið þetta á höfði og herðum sér, þessa vinnu. Mér finnst alls ekki gauragangur að setja sér svona háleit markmið heldur þvert á móti finnst mér það bara sýna eða vera til marks um bjartsýni, þor og hugrekki að horfa til framtíðar þó að, eins og hefur nú komið fram í máli okkar beggja, þá er náttúrulega gríðarlega mikil óvissa og hún er því miður aðallega utanaðkomandi.

Ég vil sérstaklega, mér fannst ég heyra það mjög í orðum borgarfulltrúans að það væri áhugi fyrir meiri samvinnu og samstarfi heldur en verið hefur og ég tek undir það og fagna þeim áhuga og lýsi mig algjörlega reiðubúinn til þess að skoða allt mögulegt samstarf. Vegna þess að ég held að það sé borgarbúum til góðs að sem best samstarfs, það er ekkert sem ég held, ég bara veit það og það vita það allir, að það er borgarbúum til góðs. Ég lít ekki á fimm ára áætlun sem glatað tækifæri eins og borgarfulltrúinn sagði heldur frekar kannski tækifæri að nýju upphafi. Varðandi spurningar sem komu fram, þá var nú fyrsta spurningin varðandi tímasetningar og yfirlýsingar aðstoðarmanns míns og formanns borgarráðs í fjölmiðlum, ég bara er ekki með svar við því en skal reyna að svara því eins fljótt og auðið er.

Þetta hlaut ekki umfjöllun í ráðunum en formenn ráðanna höfðu aðkomu að vinnunni og ég hef fylgst með þessari vinnu og framgangi hennar og átt fundi með fjármálastjóra og mér hefur fundist þessari vinnu bara miða mjög vel og mér hefur fundist þetta vera raunsætt og hef ekki fundið hjá mér neina ástæðu til að tortryggja neitt í ferlinu. Og það er rétt sem kemur fram í máli borgarfulltrúans að það er ekki mikil stefnumótun eða ekki pólitísk stefnumótun, enda er áætlunin hugsuð fyrst og fremst sem verkfæri fyrir stjórnámamenn til þess að móta stefnu og vonandi er það eitthvað sem við getum gert í sameiningu og varðandi

Bstj. 30. nóvember 2011

samvinnu og áhuga minn á samvinnu, þá hef ég mikinn áhuga á því og lýsi mig tilbúinn til að skoða möguleika á auknu samstarfi og samvinnu og vináttu.

Síðan langar mig bara aðeins að tæpa hérna á þessum skattamálum vegna þess að það hefur svona ekki verið algjör samstaða um áherslur í skattamálum. Mér finnst sjálfum á tímum eins og eru núna, þá finnst mér skattar vera sanngjörn leið til þess að dreifa álaginu í samfélaginu en þá náttúrlega ef það er gert á sem sanngjarnastan og réttlátastan hátt, og er hrifinn af svona tekjutengingum. Mér finnst svolítið ósanngjarnt að vera að bera útsvarið í Reykjavík saman við sveitarfélögin í kringum okkur sem kannski geta stært sig af lægra útsvari en við erum á móti því að niðurgreiða þjónustu fyrir sömu sveitarfélög sem þau þurfa ekki að bera kostnað af þannig að mér finnst það svolítið ósanngjarnt gagnvart borginni vegna þess að mér finnst hún vera að standa sig gríðarlega vel og meðal annars með skatttekjum sínum. Þannig að já, ég vildi nú bara svara þessu en þakka fyrir. Takk.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið við að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarstjóra svörin. Það kom auðvitað fram hjá honum það sem maður svosem getur lesið út úr áætluninni og það er ekkert verið að liggja á því hér að í henni felst ekki pólitísk stefnumótun eins og borgarstjóri sagði. Ég tel að það hefði átt að freista þess að láta með henni fylgja og láta það vera grunnstoðina í plagginu að við værum með ákveðna sýn fyrir Reykjavík til framtíðar. Það er þess vegna sem ég sagði þetta vera glatað tækifæri vegna þess að ég tel að við hefðum getað gert það í sameiningu og þá hefði plaggið raunverulega skipt miklu meira máli fyrir borgarbúa en ekki verið bara efnislítill framreikningur.

Þannig að ég þakka fyrir það og ég þakka líka fyrir það að menn segja það bara hreint út hér að fagráðin hafi ekki komið að vinnunni. Að vísu er rætt um að formenn fagráða hafi gert það. Ég veit ekki hvernig það hefur verið en ég læt þá um að útskýra það. Og svo varðandi tímaviðmiðin, þá bara til að áréttta, þá sem sagt kom þetta fram í fjölmiðlum, í viðtölum við aðila og einnig í ræðu borgarstjóra sjálfs að meginlínur áætlunarinnar skyldu liggja fyrir í lok september en látum það líka liggja milli hluta, borgarstjóri getur útskýrt það betur á eftir.

Ég vil hinsvegar hafa sagt það að ég er ekki með þessu með neinum hætti, hæstvirtur forseti, að gagnrýna fjármálastjóra eða fjármáladeildina okkar eða það fólk sem hefur að þessari vinnu komið. Ég sagði ítrekað að ég teldi að þau hefðu gert það besta sem þau gátu gert miðað við þá leiðsögn sem þau hafa fengið. Ef það er ekki þannig að það er engin pólitísk stefnumótun í gangi, ef það er enginn sem situr við borðsendann úr pólitíkinni og segir: við teljum að borgin eigi að vera að stefna þangað þarna, þá auðvitað vinna þau ekki þannig. Þannig að plaggið bara endurspeglar það sem ég tel að sé glatað tækifæri, skort á sýn fyrir Reykjavíkurborg, en ég fagna því um leið, hæstvirtur forseti, ég veit að tíminn minn er að verða útrunninn, þá fagna ég því og ég vænti þess að menn geri eitthvað með það þá að við reynum að ræða það í alvöru hvort það sé hægt að vinna plaggið þannig að um það geti skapast betri sátt.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið við að svara andsvari. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka borgarstjóra fyrir hans ræðu og eins þau orð sem komu fram í svörum borgarstjóra, þar sem tekið var undir hugmyndir sem oddviti borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins setti fram um aukið samstarf á grundvelli þeirra gagna sem við höfum nú fengið í hendur ef ég skil hana rétt. Því að þessi gögn eru gríðarlega gagnleg fyrir okkur til þess að horfa til framtíðar og móta stefnu, gjarnan sameiginlega. Það þarf þó kannski ekkert að rifja það upp í þessum sal að þegar farið var af stað í þessa vinnu, þá var það upplegg meirihlutans að hún yrði unnin sameiginlega inni í svokölluðum aðgerðahópi sem jafnframt hafði með höndum það verkefni að móta atvinnustefnu og ólíkt því sem hér kom fram hjá oddvita Sjálfstæðisflokksins, þá var línan sem þar var keyrð af hálfu Sjálfstæðisflokksins í tengslum við fjárhagsáætlun að það væri ekki hægt að taka skattamálin út fyrir sviga, heldur hénghi samstarf varðandi fjárhagsáætlun á samkomulagi um skattamál.

Þetta leiddi til núnings sem á endanum varð til þess að það varð að samkomulagi sl. vor að leggja aðgerðahópinn af og það kom í hlut meirihlutans að halda þeim verkefnum sem þar lágu inni, meðal annars undirbúningi fimm ára áætlunar og atvinnustefnu, áfram. Og það hefur sannarlega verið gert og við erum hér á þessum fundi að fara yfir tvö af þeim verkefnum, það er að segja annarsvegar fimm ára áætlun og greiningu á mögulegum sviðsmyndum til framtíðar, og hinsvegar atvinnustefnu. Hvort tveggja mjög umfangsmikil verkefni sem geysilega margir innan borgarkerfisins hafa komið að með einum eða öðrum hætti og ástæða til að þakka alveg sérstaklega fyrir það. Ég er mjög stoltur af þeirri faglegu vinnu sem liggur hér til grundvallar og væri hægt að nefna alveg geysilega margt og kannski ástæða til að nefna sumt af því vegna þess að það hoppar ekki á mann úr síðunum.

Hér felst auðvitað í áætlanagerðinni björgunaráætlunin fyrir Orkuveituna, sem eitt og sér var ekki bara töluverð pólitík heldur líka faglegt eða fjármálalegt verk þar sem þurfti ýtrustu fagmennsku. Hér eru líka komnir fram útreikningar á samspili atvinnuleysis og fjárhagsaðstoðar, sem við höfum lengi verið að reyna að greina og rýna, og spár um það. Hér eru spár um nemendafjölda, hér eru spár um það

Bstj. 30. nóvember 2011

hvernig fasteignaverð muni þróast og svo framvegis og svo framvegis. Geysilega mikið, þó að áætlunin kannski láti lítið yfir sér en það var jú á sérstökum júnífundum í Höfða sem allir borgarfulltrúar fengu aðkomu að umræðu um þessar lykilforsendur sem liggja núna þessari áætlun og fjárhagsáætlun næsta árs til grundvallar, gátu rætt þær, velt vöngum og kannski svona þar voru stóru línurnar en auðvitað ekki þessi nákvæmari greining eftir að það komu fram nýjar þjóðhagsspár og síðast en ekki síst þessi nákvæmari sviðsmyndagreining, bæði miðað við breytilegt verðlag og uppreiknað og gengisspár, en líka þessar mismunandi sviðsmyndir sem hafa verið í þróun á fjármálaskrifstofunni í nokkur ár og eru geysilega gagnlegar.

Ég vildi fyrst og fremst gera þær að umtalsefni hér í þessari ræðu, því sviðsmyndirnar og greiningarnar sem þar liggja til grundvallar eru mjög öflugt tæki til þess að reyna að átta sig í fyrsta lagi á hvaða áhrif þeir þættir sem við höfum ekki vald á, hvaða máli þeir geta skipt fyrir fjárhag borgarinnar, en við getum sannarlega búið okkur undir það ef okkur finnst stefna í einhverjar áttir sem þar er lýst. Síðan eru þarna líka ákveðnir lykilþættir þar sem við, sem mjög stór aðili í íslensku hagkerfi, og auðvitað öflugt tæki með okkar stjórnkerfi en líka okkar fyrirtækjum, getum beitt okkur. Það er að segja við getum haft áhrif á það hvort líklegast er að við þróumst í átt til kreppuborgar, stöðnunarborgar, grænnar borgar eða alþjóðaborgar. Í gegnum okkar ákvarðanir, í gegnum samstæðuna í heild sinni, en líka í gegnum okkar pólitík.

Það er alveg rétt að það segir ekki skýrum stöfum í þessari fimm ára áætlun hvert sá meirihluti sem nú situr vill stefna í þessu efni en þetta er grunnur fyrir þá umræðu og ég held að í atvinnustefnunni sem hér liggur fyrir og þeim ákvörðunum sem við höfum tekið hingað til, þá sé alveg kýrskýrt að meirihlutinn sem nú situr stefnir í átt að því að Reykjavík verði skapandi, græn og alþjóðleg. Sviðsmyndirnar eru hinsvegar ekki spá um framtíðina heldur byggir hver og ein á mögulegum forsendum um alþjóðlega þróun og þróun innanlands og það er mjög mikilvægt til þess að skilja þær að hafa þetta alltaf í huga og horfa á forsendurnar eins og þeim er stillt upp, í stuttu máli en býsna skýra af hálfu þeirra sem að þessu hafa komið af hálfu fjármáladeildar og skipulagssviðs sérstaklega, því að þarna er um leið mjög merkileg tilraun að mínu mati til þess að samþætta áætlanir í

Bstj. 30. nóvember 2011

fjármálum, skipulagsmálum og þar með uppbyggingu á húsnæðismálum og lóðaúthlutunum til lengri tíma í borginni.

Þær eru mótaðar út frá megindrifkröftum sem mat var lagt á að skiptu mestu en eru ekki nauðsynlega þeir drifkraftar sem við getum haft mest áhrif á. Eiginlega hreint ekki í sumum tilvikum, en hafa gríðarleg áhrif á okkur engu að síður. Þetta eru drifkraftarnir alþjóðaðróunin, sem er nokkuð augljóst að við höfum takmörkuð áhrif á, og mannfjöldaðróunin, sem er að mjög miklu leyti í tengslum við þróun í atvinnu- og efnahagsmálum, myndi maður ætla að minnsta kosti, en við getum jafnframt sem borgaryfirvald haft nokkur áhrif á, og skipulagsyfirvald.

Það er gerð grein fyrir þessum drifkröftum ítarlegar á bls. 28 og 29 í því sem hér hefur verið dreift en í stuttu máli lýsir kreppuborgin sér í því, svo vitnað sé beint í sviðsmyndagreininguna: samdrætti og minnkandi eftirspurn í alþjóðlegu hagkerfi. Skuldaaðlögun, heimurinn er að koma sér út úr skuldunum, aukið vægi eftirspurnar eftir frumframleiðsluvörum. Frumframleiðslugreinar á Íslandi styrkjast en verslun, þjónusta og hátæknigreinar veikjast. Afkoma ferðaðjónustu versnar. Búferlaflutningar úr landi eru miklir. Dregur úr opinberri þjónustu, svosem velferðarþjónustu, vegna niðurskurðar og áframhaldandi tekjufalls. Um stöðnunarborgina segir: Strúktúr- og tæknibreytingar hafa orðið í alþjóðlegu hagkerfi en Ísland situr eftir. Það er að segja hér er ágæt þróun alþjóðlega en ekki hjá okkur. Þetta hefur neikvæð áhrif á stöðu útflutningsgreina en jákvæð áhrif á eftirspurn eftir vel menntuðu fólki frá Íslandi. Tækifæri ekki sköpuð fyrir unga fólkið sem leitar í auknum mæli að atvinnu erlendis. Stöðnun hér.

Hvað segir græna borgin? Þar er erfið þróun á alþjóðavísu en hagfelld þróun hér. Það er að segja að landið dregur til sín fólk og mannauð. Því er lýst svona: Samdráttur og minnkandi eftirspurn í alþjóðlegu hagkerfi hafa neikvæð áhrif á útflutningsgreinar. Umhverfisvænar lífstílskröfur gera Ísland hinsvegar að eftirsóttum búsetustað. Búferlaflutningar utan úr heimi, vel menntað erlent fólk vill búa í Reykjavík, bættar samgöngur draga fólk að. Og síðan alþjóðaborgin þar sem hagfelld þróun er á alþjóðavísu og líka hér á landi. Alþjóðlegt þekkingarsamfélag á Íslandi. Íslensk fyrirtæki virkir og öflugir þátttakendur í þróun þjónustu á sviði hátækni, líftækni, ferðaðjónustu og menningu. Mikil

Bstj. 30. nóvember 2011

eftirspurn á alþjóðavísu. Erlent vel menntað ungt fólk sækist eftir störfum á Íslandi og búferlaflutningar utan úr heimi. Bættar samgöngur draga fólk að.

Hér er kallað eftir sýn núverandi meirihluta og það er alveg skýrt að við viljum þróast í átt til grænu borgarinnar og alþjóðaborgarinnar. Það erum við að reyna að gera með stefnumörkuninni sem við kynnum hér á eftir, sem er atvinnustefnan, sem rammur inn hvernig borgin getur orðið eftirsóknarverð fyrir fólk og fyrirtæki. Með því að vera skapandi borg í öllum skilningi. Og þó að við ráðum ekki alþjóðaumhverfinu eigum við í mínum huga klárlega að stefna í átt að því sem græna borgin hefur á að skipa og styðja það í okkar pólitík sem hefur góð áhrif á alþjóðavísu. Það er að segja að við eigum ekki að styðja stefnu um að hvert og eitt land loki sig af heldur stefnu um að þjóðir heims vinni saman og finni sameiginlega út úr þeim vandamálum sem við er að glíma.

Ekki mikið um það heldur ætla ég að beina sjónum að því sem skiptir máli hér gagnvart borgarstjórninni og þar skora ég á borgarfulltrúa og aðra að gefa sér smátíma til þess að sökkva sér í sviðsmyndirnar, hverja og eina. Engin þeirra er eitthvað draumaland, engin þeirra er fullkomin. Í hverri og einni, líka þeim sem eru hagnæm fyrir borgarreksturinn, eru mjög miklar áskoranir fyrir borgina. Bæði áskoranir sem við þurfum að takast á hendur ef það á að ná borgarsamfélaginu í þessa átt, í græna átt, í átt að alþjóðaborginni, en það eru líka ákveðnir hlutir sem ekki allir myndu skrifa upp á sem jákvæða. Til dæmis sú undirstaða hagvaxtar í grænu borginni og alþjóðaborginni að vera aðlaðandi fyrir erlent vinnuafli er ekki eitthvað sem allir taka feginshendi og kallar á að borgin hugsi það hvernig við gerum borgina alþjóðlegri eða betri í móttöku á fólki sem hingað vill flytjast. Og eins er það með alþjóðaborgina, að þar eru mjög miklar hættur á bólum. Það geta vissulega orðið einangraðar eignabólur í lokuðu hagkerfi, sem gætu verið aðdragandi að grænu borginni, en líka innan alþjóðaborgarinnar. Hún hét á einhverjum tímapunkti, ein sviðsmýndin í sóknaráætlunavinnunni, spilaborgin. Það er að segja að viðbrögðin við kreppunni yrðu þau að menn myndu hlaupa til og gera fyrst og fremst hluti sem myndu skila skammvinnnum gróða en sætu eftir með bóluhagkerfi á þeim sviðum og litla undirstöðu til langs tíma og þess vegna kemur sjálfbærnihugtakið svo gríðarlega

Bstj. 30. nóvember 2011

sterkt, og verður að koma mjög sterkt inn í það hvernig við leggjum okkar strategíu á grundvelli þessara greininga.

En það er engin tilviljum að græna borgin leitar kannski fastast á hugann, það er að segja sú sviðsmynd sem er að lýsa alþjóðlegri skulda- og fjármálakreppu sem dragist á langinn og einkenni tímabilið frá 2010. Að alþjóðlegar fjárfestingar dragist saman og hagvöxtur þar verði lítill. Áhrifin á Reykjavík í sviðsmyndinni um grænu borgina væru þau að aðgengi að erlendu lánsfé væri áfram lítið og færði fjárfestingar úr stórum verkefnum á sviði orkuframleiðslu og stóriðju. En við erum í jákvæðri innri sviðsmynd og leiðin að því miðað við textann hér er að augin áhersla okkar á nýsköpun, hátækni, þjónustu og vistvæna lífshætti hafi skapað ný atvinnutækifæri og þetta er verkefnið. Þetta er nákvæmlega verkefnið til þess að ná okkur inn í grænu borgina þó að ástandið alþjóðlega gæti verið erfitt.

Áherslurnar eru á þéttingu byggðar í borginni, aukin gæði byggðar og sjálfbæra borgarþróun. Reykjavík hefur þannig orðið eftirsóknarverður búsetukostur fjölskyldna og áfangastaður ferðamanna á alþjóðlegum mælikvarða, meðal annars af umhverfisástæðum, sem græna borgin. Aukin áhersla er á Reykjavík sem menningar- og afþreyingarborg og aukning íbúa, einkum vegna aðfluttra, íbúum hefur fjölgað um 3,5% í Reykjavík. Leiðin að þessari mynd, að stuðla að góðum öruggum vexti sem skili fólki góðum tekjum þrátt fyrir vont ástand alþjóðlega, er semsagt áhersla á nýsköpun, hátækni, þjónustu, vistvæna lífshætti, ferðaþjónustu, menningu og skapandi Reykjavík. Þeir meginþættir eru hrygglangjan í atvinnustefnunni sem hér verður kynnt á eftir og þannig hanga þessi tvö plögg algjörlega saman, þannig verður aðalskipulagið að styðja við þessa þróun og þessa sýn vegna þess að það er ekkert sjálfgefið að við náum þessu. Það er ekkert sjálfgefið og við höfum alltof mörg dæmi úr kollsteypum fyrri ára, sem eru býsna regluleg á Íslandi, að við förum fyrst og fremst í meira af því sama.

En hvað gefur gerst síðastliðið ár? Við lögðum nefnilega fram sambærilega greiningu til fimm ára í borgarráði fyrir rétt rúmu ári síðan, þar sem við vorum með sömu greiningum fjármáladeildar og borgarhagfræðings að horfa á stöðnunarborgina, kreppuborgina, grænu borgina og alþjóðaborgina. Jú, þá voru þau merki og þær spár sem við höfðum fyrir framan okkur og töluleg gögn, bentu á ýmsan hátt til þess að við værum stödd býsna nálægt stöðnunarborginni með

Bstj. 30. nóvember 2011

ákveðnum þáttum úr kreppuborginni, það er að segja alþjóðlega. Það sem hefur gerst á þessu eina ári er ekki það að alþjóðamarkaðir hafi lyft sér þannig að við séum stödd í sviðsmyndinni sem við köllum alþjóðaborg, heldur hefur Ísland lyft sér, Reykjavík hefur lyft sér. Við sjáum miklu meiri tekjur, við sjáum fleiri starfandi, fleiri störf, við erum að færast í átt að grænu borginni og þeirri framtíðarsýn sem ég held að sé langmest samstaða um meðal borgarbúa og vonandi líka hér í borgarstjórn.

Í mínum huga erum við að gera mjög mikilvæga hluti hér með því að halda þessari vinnu við þessa sviðsmyndagreiningu og umræðu á þeirra grunni áfram. Ég held að það sé ekkert að vanbúnaði fyrir okkur öll sem hér erum að lýsa afstöðu eins og hér hafa fyrri ræðumenn gert til þess hvert við viljum þróa þetta en næsta vers er að tengja það þá við beinar aðgerðir þannig að það sé líklegra að við komumst þangað. Það gerum við í nýju aðalskipulagi, það gerum við með því að gera hverfisskipulag, það gerum við með því að endurhugsa samgöngumálin í borginni og síðast en ekki síst gerum við það í gegnum menntamálin, í gegnum aðgerðir fyrir atvinnulausa, í gegnum fjárfestingastefnu borgarinnar og atvinnustefnuna þar sem mjög margir af þeim þáttum sem ég hef farið hér yfir tengjast saman.

En ég ætla ekki að fara lengra inn í þá umræðu, við gerum það undir næsta lið á dagskránni en þetta eru í mínum huga tveir helmingar sem verða að hugsast og tengjast saman, það er að segja greining okkar og sýn á það hvernig staðan er og framtíðin gæti þróast, hvert við viljum fara og síðan aðgerðaáætlunin og atvinnustefnan sem er lykilþáttur í því að við komumst þangað sem við viljum.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það verður að segjast eins og er að vinnubrögðin við undirbúning að þessari svokölluðu fimm ára áætlun hafa verið afar slæm og undarleg svo ekki sé meira sagt og er maður þó ýmsu vanur frá þessum meirihluta sem situr nú hér í borginni. Það er skrítið að heyra borgarstjóra halda því hér fram þegar hann var að fjalla um ræðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarfulltrúa að þetta væri of harkalegur dómur. Það þarf greinilega að tala hér tæpitungulaust, þetta var síður en svo harður dómur, það má þvert á móti gagnrýna þessa framlagningu og hvernig hefur verið unnið að þessari áætlun miklu skýrar og það er auðvitað algjör misskilningur eins og borgarstjóri túlkar eða kannski kys að túlka að þetta sé einhver dómur yfir fjármáladeildinni.

Það er nefnilega því miður þannig að það hendir svona pólitíska fulltrúa, jafnvel borgarstjóra, að þegar þeir ráða ekki við verkefnið sem þeir hafa tekið að sér og fá á sig réttmæta gagnrýni vegna þess, að þá kjósa þeir að túlka eða mistúlka gagnrýnina þannig að það sé verið að gagnrýna embættismenn borgarinnar. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur. Ég held að við höfum talað hér alveg nógu skýrt, það er ekki verið að gagnrýna hér einstaka starfsmenn í borgarkerfinu eða embættismenn borgarinnar. Hér er fyrst og fremst verið að gagnrýna þá pólitísku óstjórn sem er í Ráðhúsi Reykjavíkur og hefur hér í fjármálum borgarinnar, sérstaklega í áætlanagerð, brugðist í hverju verkefninu á fætur öðru. Fjármáladeildin spilar auðvitað bara úr þeim spilum sem hún fær frá pólitíkinni hverju sinni, spilar bara eins vel úr þeim og hún getur, að sjálfsögðu. En þegar frá pólitíkinni koma ekki alvöru spil heldur eintómir jókerar og svarta-pétrar, þá er auðvitað ekki við góðu að búast. Þá endar maður með því að maður stendur hér með áætlun sem þessa í höndunum sem er hvorki fugl né fiskur og að minnsta kosti mjög þunnur þrettáandi.

Að halda því hér fram að hér séum við með eitthvað tæki til framtíðar sem mun nýtast okkur mjög vel í okkar störfum, það er alls ekki svo. Í þessu plaggi er blandað saman mjög ruglingslegri og óskýrri stefnumótun við einhverskonar fjárhagsáætlun sem er í rauninni bara einfaldur framreikningur á þeim plöggum sem við höfum nú þegar fengið í hendur í öðrum áætlunum. Og það var farið ansi vel yfir það hér áðan og það má kannski segja það aftur. Það muna allir eftir því

Bstj. 30. nóvember 2011

hér í borgarstjórn vonandi hvernig var staðið að málum hér í kringum þriggja ára áætlunina sem var náttúrlega borginni til algjörRAR skammar og áætlunin, það var reyndar ótrúlegt hvernig, ja, hvað eigum við að segja, borgarstjóri tók mjög léttvægt á þeirri gagnrýni sem borgin fékk á sig vegna vinnslu þriggja ára áætlunar og formaður borgarráðs tók reyndar gagnrýninni mjög illa, fannst hún mjög ómakleg og gerði eins lítið úr þeirri gagnrýni og hann gat. En staðreyndir tala síðan bara sínu máli. Þessi þriggja ára áætlun var afgreidd hér hálfu ári eða um hálfu ári of seint, í ágúst þegar einungis var dagaspursmál hvenær á borginni dyndu sektir frá ráðuneytinu út af því að þessari lögbundnu áætlun hafði ekki verið skilað á réttum tíma.

Auðvitað hafði henni verið skilað seint áður, gat verið spurning um vikur, en aldrei áður hafði þessari áætlun verið skilað á eindaga undir refsivendi ráðuneytisins, sem þó hafði sýnt alveg ótrúlegt langlundargeð gagnvart borginni upp á það að skila þessari áætlun. Þannig að maður skyldi ætla að þegar pólitíkin í borginni ræður ekki betur en þetta við sín lögbundnu verkefni sem er náttúrlega að standa hér vel að framlagningu árlegrar fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar, sem er lögbundið verkefni, þegar það er ekki staðið betur að því, við hverju er þá að búast þegar þessi fimm ára áætlun er lögð fram? Þessi fimm ára áætlun reyndar nýttist meirihlutanum ágætlega í einhverskonar áróðursskyni í ágúst þegar meirihlutinn var að afsaka sig fyrir því af hverju væri ekki búið að skila þriggja ára áætlun, þá var því borið við eins og menn muna að þetta væri nú ekkert mál vegna þess að það væri miklu, miklu flottari og fullkomnari áætlun á leiðinni sem væri fimm ára áætlun sem væri nánast tilbúin og ætti að skilast í september. Og síðan leið september, síðan leið október og nú er hér á algjörum eindaga verið að leggja fram þetta ruglingslega og óljósa plagg. Það er lagt hér fram á síðasta degi nóvember mánaðar, lagt hér fram í miklum flýti bara til þess að menn geti sagt að þetta hafi verið lagt fram í nóvember.

Lagt fram í miklum flýti, flestir borgarfulltrúar hafa ekki getað kynnt sér þetta til hlítar enda er framlagningin óvenjulega ruglingsleg. Maður hefur ekki náð samtali til dæmis bara við embættismenn, ef maður hefur viljað ná samtali við embættismenn hjá borginni um þeirra málaflokka um þetta, margir embættismenn hafa ekki einu sinni séð þessa áætlun, hafa ekki einu sinni séð hana, sumir af

Bstj. 30. nóvember 2011

æðstu embættismönnum borgarinnar, þetta er allt saman mjög skrítið. En það er kannski ekki við betra að búast þegar sá meirihluti sem hér situr getur ekki einu sinni staðið að uppsetningu skilta í borginni sem eigi að tákna hvort aka megi inn eða út ákveðnar götur. Skýrar verklagsreglur í slíkum málum eru þverbrotnar og þegar það gerist í slíkum málum, eins og bara varðar uppsetningu skilta herna á Suðurgötunni, þegar slíkar verklagsreglur eru brotnar og slík mál eru í tjóni, ekki bara mánuðum saman heldur í rúmt ár, þá er kannski ekki við öllu betra að búast við stefnumörkun í fjármálum borgarinnar. Og ég endurtek: ætlunin er ekki sú að gagnrýna embættismennina sem spila bara úr þeim spilum sem þeir fá heldur auðvitað er þetta skortur á pólitískri stjórnun og framsýni.

Nú, það má auðvitað velta því fyrir sér þegar er verið að fara út í hvað áætlanagerð eigi að vera víðtæk, auðvitað getur það verið gott í sjálfu sér að borgarfulltrúar hafi aðgang að sem flestum áætlunum, við höfum auðvitað fjárhagsáætlunina, þessa árlegu, og þriggja ára áætlun er komin eftir dúk og disk, það má alveg færa rök fyrir því að það geti verið ágætt að hafa fimm ára áætlun en ég velti fyrir mér, ef við ætlum að fara út í svona langtímastefnumótun yfir höfuð, sem ég vil ekkert mæla á móti í sjálfu sér ef undirbúningurinn væri betri, þá náttúrliga má velta því fyrir sér, af hverju förum við ekki lengra fram í tímann? Fyrst það er á annað borð verið að fara út fyrir kjörtímabilið, sem er náttúrliga sérstakt í sjálfu sér, fyrst það er á annað borð verið að fara út fyrir kjörtímabilið, af hverju er þá ekki bara farið út í tíu ára áætlun til dæmis? Það er svo margvísleg stefnumótun borgarinnar sem miðar við þetta svokallaða 20-20, stefnumótun til 2020, og fyrst við erum farin að teygja okkur svo langt í stefnumótun, af hverju ekki að fara í tíu ára áætlanir? Við því fást ekki svör, ég veit ekki, mér finnst vera mjög skammt milli þriggja ára áætlunar og fimm ára áætlunar, það er ekki svo mikill munur á þessu. Kannski kveikir fimm ára áætlunin einhver hugguleg hugrenningatengsl hjá Samfylkingunni, því Samfylkingin er eins og allir vita arftaki flokka sem litu mjög til Sovétríkjanna og uppbyggingu efnahagskerfis þar sem á tímabili var mjög litið til fimm ára áætlana. Og þær voru reyndar svona dæmi um það í mannkynssögunni um áætlanir sem lagðar voru fram og stóðust aldrei.

Bstj. 30. nóvember 2011

En ég tek undir þá gagnrýni sem hefur komið hér fram áður að það er auðvitað mjög skrítið að við undirbúning þessa plaggs hefur aðkoma kjörinna fulltrúa verið afar lítil, afar takmörkuð. Það var upplýst hér áðan að formenn ráða hefðu komið hér að þessari vinnu og ég set spurningarmerki við það þegar við sitjum hér í fjölskipuðu stjórnvaldi sem borgarstjórn er og borgarráð og fagnefndirnar í borginni, það á auðvitað þegar um slíka stefnumörkun er að ræða, þá á auðvitað að hleypa fleirum að henni heldur en eingöngu formönnum ráða, ef menn telja að þetta eigi að hafa eitthvert gildi til framtíðar. Sérstaklega vegna þess að þetta nær út kjörtímabilið. Ef mönnum er alvara með það að þetta eigi að vera einhver alvöru áætlun, og fyrst þetta á að ná yfir kjörtímabilamörk, þá hlýtur að vera æskilegt að hleypa fleirum að, jafnvel þeim sem gætu þá verið í meirihluta á næsta kjörtímabili.

Þegar maður leit yfir plaggið var manni efst í huga að fá svör við ákveðnum spurningum, sem engin svör hafa fengist við, kannski eðli málsins samkvæmt, í fjárhagsáætlun ársins. Spurningar sem maður fékk heldur ekki svarað með því að líta yfir þriggja ára áætlunina. En það er ekki gert. Í flestum tilvikum virðist um að ræða einfaldan framreikning. Ég ætla þó ekki, ég hef ekki náð að fara nógu vel yfir alla þætti málsins, enda barst þessi áætlun mjög seint, í flestum tilvikum virðist vera um að ræða einfaldan framreikning en þó flókna framsetningu og ég held að við borgarfulltrúar þurfum svona að velja því fyrir okkur hvort við eigum ekki að ná saman um það að auðvelda okkur störfum með því að ræða hvernig hlutir eru settir fram í svona áætlun. Fjárhagsáætlun ársins og greinargerð með fjárhagsáætlun, þriggja ára áætlun og þessari áætlun, það þarf auðvitað að vera samræming í þessu og þetta þarf auðvitað að vera notendavænna en það er.

Ég verð að segja það að mér finnst framsetningin á fjárhagsáætlun og gögnum í fjárhagsáætlun, og ég tek fram að mér fannst það ekki bara breytast með þessum meirihluta, þetta finnst mér hafa verið þróun sem hefur kannski átt sér stað síðustu tíu árin eða svo, mér finnst framsetningin að sumu leyti alltaf verða flóknari og svona ónotendavænni fyrir þá sem eru ekki bara á kafi ofan í öllum tölum viðkomandi málaflokks frá degi til dags. Þó við borgarfulltrúar sérhæfum okkur í ákveðnum málaflokkum eins og allir vita, þá er það líka þannig að þær kröfur eru gerðar til okkar að við getum með skjóttum og auðveldum hætti að geta sett okkur

Bstj. 30. nóvember 2011

inn í alla málaflokka borgarinnar, enda berum við ábyrgð á öllum borgarsjóðnum en ekki bara hlutum hans.

En í þessari áætlun virðist helsta breytan vera fólksfjöldabreytingar. Það er í rauninni bara gert ráð fyrir að ef börnum fjölgar um þetta verður þessi aukning kostnaðar þarna og ef það fækkar dragi úr kostnaði sem því nemur og það er mjög erfitt og sennilega ómögulegt í þessu plaggi að sjá beinar eða einstakar breytingar innan málaflokka, innan málaflokka. Og það er mjög slæmt og ég verð að viðurkenna það að þó ég hafi ekki búist við mjög miklu, þá átti ég þó von á því miðað við hvernig var búð að tala þessa fimm ára áætlun upp hérna í ágúst, hvernig hún yrði, ég hélt að það yrði þó svona lágmarksspurningum svarað með það hvernig ákveðnir málaflokkar stefna. Ég get tekið sem dæmi að ég, sem sit í skóla- og frístundaráði og íþróttá- og tómstundaráði, þetta eru málaflokkar sem velta um 30-40 milljörðum króna, að við sem sitjum í þessum ráðum fáum að sjálfsögðu stöðugt spurningar frá almenningi í borginni, frá einstökum skólum, einstökum félögum og svo framvegis, hvernig þróunin verði í ákveðnum málaflokki, og maður vill þá auðvitað að áætlanir sem þessi séu svona gild plögg til að svara slíkum spurningum, ekki bara fyrir okkur að svara heldur líka bara fyrir fólk að nálgast á netinu og lesa sjálf út.

Skólastjórar í borginni og foreldrafélög vilja sjá hver þróunin verður í skólastarfi. Íþróttafélög og starfsmenn félagsmiðstöðva vilja sjá hver stefnan er í þeirra málaflokkum og hvernig og með hvaða hætti sú skerðing sem hefur orðið á ákveðnum framlögum í þeirra málaflokkum á undanförunum árum, skerðing sem í mörgum tilvikum hefur verið óhjákvæmileg, það vitum við, þeir vilja auðvitað sjá hvenær og hvernig þessar skerðingar ganga tilbaka og hafa fyllst ákveðinni bjartsýni eftir yfirlýsingu borgarstjóra um daginn þegar hann sagði að nú væri Reykjavík komin í gegnum óviðrið og nú færu tekjur að aukast á ný og væri aðeins svona betra hljóð úr borgarsjóði, þá auðvitað líta þeir sem starfa innan þessara málaflokka, þeir líta auðvitað til þess með hvaða hætti getum við þá búist við því að við fáum bætt framlög eða leiðréttingar á næstu árum? Þetta fólk, sem fylgist með okkur alla daga, þetta fólk vill ekki froðusnakk eins og er alltof mikið af í þessari áætlun. Þetta fólk vill ekki óljósa stefnumótun heldur vill þetta fólk skýr svör um þróun þeirra málaflokka sem að því snúa í hinu daglega lífi. Þetta

Bstj. 30. nóvember 2011

fólk vill skýr svör en ekki froðusnakk. Og því miður er þessi áætlun uppfull af einhverju froðusnakki. Hér eru mjög fáar tölur sem eitthvað er á byggjandi, það er mjög erfitt að lesa úr þeim en hinsvegar er hér ótrúlega langur texti um einhverja stefnumótun sem flestir í sjálfu sér geta verið sammála.

Við sjáum hérna til dæmis svo ég grípi niður, varðandi skóla- og frístundasvið, þá stendur bara hérna að börnum og ungmennum eigi að líða vel, þeim fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Svo kemur bara einhver stefnumótun hérna, já, svo kemur bara hérna texti, ágætistexti í þessum stíl en hann segir okkur ekkert um það hvernig fjárframlögum verði hagað innan málaflokksins á næstu árum. Eins má segja um íþrótt- og tómstundasvið. Það er sagt að það sé æskilegt að þjónustusamningar við félög verði gerðir til þriggja ára í senn í staðinn fyrir eitt ár. Það geta allir verið sammála um þetta. Hér er sagt að það verði haldið áfram átaki í uppbyggingu og viðhaldi á sundlaugum borgarinnar. Þetta er svona það skýrasta sem ég gat lesið út úr þessu plaggi. Svo segir hérna, það er stórt mál sem ég er mikið spurður um, ÍTR telur að huga verði að viðhaldi íþróttamannvirkja og gera áætlun um hvernig staðið skuli að þeim og hvernig eigi að fjármagna þær framkvæmdir. Þetta er í rauninni bara framlenging á mikilli óvissu sem er til dæmis um þetta einstaka mál, sem ég tek hérna til dæmis, en það kemur ekkert fram hvort eða hvernig eigi að leysa þennan vanda sem þeir sem eiga þessi íþróttamannvirki standa frammi fyrir.

Þær spurningar sem við erum raunverulega að fá á okkur á hverjum degi, borgarfulltrúar, ég trúi ekki öðru en að borgarfulltrúar meirihlutans séu líka að fá þessar spurningar eins og við í minnihlutanum, þó ekki ráðum við nú miklu. Það eru bara spurningar eins og þessi: hvernig verður staðið að viðhaldi á skólum? Hvernig verður með viðbyggingar við skóla? Viðbyggingar sem var búið að boða fyrir nokkrum árum og allir voru sammála hér um að yrði slegið á frest. Hvenær fer þetta aftur af stað? Hvernig verður með endurnýjun tölva í skólum og annan tækjabúnað? Og svo er maður mikið spurður að því hvernig verður staðið við þessa samninga við íþrótt- og æskulýðsfélög sem hafa hér verið í gildi og hafa engar verðbætur komið á. Þetta er stórt mál í borginni og borgarfulltrúar ættu að þekkja það því að í kreppunni þegar þessir samningar voru í rauninni frystir og ekki verðbættir, þá gerðist það samt að það fjölgaði mjög verulega, fjölgaði um

Bstj. 30. nóvember 2011

tugi prósentu iðkenda hjá mörgum félögum og þessi félög eru auðvitað langþreytt eftir því, eru jafnvel að fara inn í fjórða árið óverðbætt, auðvitað eru þau orðin langþreytt eftir því að fá að vita fyrst það er verið að gera stefnumótun til fimm ára, þá hljótum við að fá einhver svör við því hvenær við fáum verðbætur á þessa samninga, hvenær við förum út úr þessu frysta umhverfi. En ég get ekki lesið það út úr þessu plaggi, það væri kannski ágætt að þeir sem hafa unnið að því, formenn ráðanna, borgarstjóri og formaður borgarráðs, þau geti svarað mér.

Og hvað með íþróttamannvirki félaga? Þetta auðvitað brennur á félögunum sem þurfa að reka og standa skil á viðhaldi fyrir sín mannvirki sem eru upp á milljarða í byggingarkostnað og hafa fengið styrki frá borginni til þess að standa viðhald af þeim, ekki núna í nokkur ár og auðvitað spyrja menn að því: hvenær fáum við slíka styrki aftur eða fáum við slíka styrki aftur? Hér stendur að það eigi bara að huga að því, hér eru ekkert skýr svör, þessi stefnumótun er hvorki fugl né fiskur, þetta er allt saman mjög óljóst og vekur jafnvel fleiri spurningar heldur en svör og þá veltir maður fyrir sér, hvað er verið að leggja þetta fram?

Þó verð ég að hrósa meirihlutanum fyrir eitt, og það er varðandi skattamálin. Það er sú spurning sem maður fær mjög oft frá fólki í borginni, hvernig er þetta? Er þetta bara lögmál að þegar Samfylkingin ræður og svo bætist einn vinstriflokkur við sem heitir Besti flokkurinn, er þetta bara lögmál þegar vinstriflokkar stjórna borginni, að þá sé útsvarið í hámarki? Getum við semsagt búist við því að hér bara til framtíðar verði útsvarið í hámarki? Þegar Samfylkingin tók við í R-listanum '94 var útsvar í lágmarki og skilaði af sér af borginni 12 árum síðar og þá var útsvarið í hámarki og fólk spyr: verður þetta bara svona? Og ég verð að hrósa meirihlutanum fyrir það að það kemur mjög skýrt fram í öllum þessum uppsetningum og öllum þessum sviðsmyndum að skattar eigi að vera áfram háir, það eigi áfram að vera hámarksútsvar í Reykjavík. Það hefði verið svo gaman að sjá það í þessum sviðsmyndum, gulur, rauður, grænn og blár, það hefði verið svo gaman að sjá það að þó ekki nema í einni sviðsmynd hefði verið gert ráð fyrir því að skattar hefðu verið lækkaðir á almenning, að útsvarið yrði lækkað, þó það væri ekki nema vegna þess að eitt af kosningaloforðum Besta flokksins, þegar hann bauð sig fram virtist hann vera á því að háir skattar væru ekki nauðsynlegir, talaði

Bstj. 30. nóvember 2011

einn flokka um það í framboði að það ætti helst að lækka útsvarið, svo var það bara hækkað.

Maður hefði ætlað að miðað við það hvað núverandi borgarstjóri var oft spurður að þessu í kosningabaráttunni, þá hefði maður mátt ætla að hann hefði fengið að koma því inn í einn gluggann af fjórum, einn gluggann af fjórum í þessum sviðsmyndum að það yrði settur sá möguleiki að útsvarið yrði lækkað þínulítið. En nei. Samfylkingin hafði sitt fram í öllum þessum sviðsmyndum eins og fyrri daginn, það er sama hvaða sviðsmyndir eru settar upp, skattar skulu vera í hámarki, skattar skulu vera í hámarki. Og það er svosem í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar á landsvísu, það er kannski jákvætt fyrir varaformann Samfylkingarinnar að vera líka formaður borgarráðs, því þetta er svona plagg sem hann getur notað á báðum stöðum, spurning hvar þetta hefur verið notað fyrst, að sú stefna sem hefur verið fylgt í landsstjórninni og sú stefna sem virðist að sumu leyti vera að fylgja hér í borginni, hún er svona þessi rauða og gula stefna. Er ekki rauði liturinn flokkslitur Samfylkingarinnar og guli hjá Besta flokksnum? Stundum er sagt að sjálfstæðismenn séu bláir. Og þetta dregur þetta bara fram með skýrum hætti.

Við sjáum að það sem er fjallað um undir kreppuborginni, það er auðvitað bara aljóðlega viðurkennt, það er löngu orðið aljóðlega viðurkennt að til að framkalla og til að dýpka kreppur ef menn vilja það, eða viðhalda þeim, þá er ráðrúm fyrirtækja og einstaklinga skert. Það er gert með skattahækkunum. Það er gert með skattahækkunum á einstaklinga og fyrirtæki eins og hefur verið gert hér í borgarstjórninni undir stjórn vinstrimanna, eins og er gert í landsstjórninni undir stjórn vinstrimanna. Og við sjáum að varaformaður Samfylkingarinnar, sem væntanlega hefur einhver áhrif á Alþingi líka, þar er unnið að hugmyndum um sérskatta á verksmiðjur sem framleiða ál- og járnblendi, hér er fjallað um ferðaþjónustuna, hún mun versna. Það var lagður á nýr skattur í sumar sem heitir gistináttaskattur.

Allar svona skattahækkanir og allar svona flækjur á atvinnureksturinn draga auðvitað úr honum einhverjar tennur, draga úr honum kraft, í staðinn fyrir að við þessar aðstæður sem nú ríkja ættum við einmitt að halda opinberum álögum í lágmarki til þess að víkka olnbogaráými fólks og fyrirtækja, sem mun síðan á

Bstj. 30. nóvember 2011

endanum auðvitað lyfta okkur upp úr þessari kreppu sem við vitum að er ekkert eilíf. Og það hefur verið farið yfir það áður að það kom algjörlega í ljós að sú skattahækkun sem Samfylkingunni tókst að sannfæra Besta flokkinn um fyrir ári að væri algjörlega nauðsynleg til að komast í gegnum þetta, hún var algjörlega óþörf. Háar skatttekjur á þessu ári sýna okkur það. En það er alveg ótrúlegt, hér virðist þegar maður sér hérna gulur, rauður, grænn og blár, maður sér þetta lagt fram hér og ég ætla svosem ekkert að segja, auðvitað er það ekki þannig að flokkar geti eignað sér hérna ákveðna liti, auðvitað er það ekki þannig en þá verð ég að segja að mér finnst landsstjórnin og borgarstjórnin, sem eru meira eða minna stjórn sömu flokkanna, eða Samfylkingin á aðild að bæði meirihluta borgarstjórnar og meirihluta landsstjórnarinnar, að þar er fylgt þessari rauðu og gulu stefnu. Stefnu kreppunnar og stefnu stöðnunar.

En hér las ég eitthvað um að við yrðum að fylgjast vel með alþjóðlegum lánamörkuðum og það er alveg rétt en ég ætla að vona að það sé ekki vegna þess að þeir sem leggja fram áætlunina, þeir ætli borginni stóraukið hlutverk á alþjóðlegum lánamörkuðum á næstu árum. Ég vona að það verði ekki þannig. Ég held að skilaboðin eigi miklu frekar að vera þau að við eigum að minnka skuldir eins og við getum, það er ekki bara það sem við þurfum að gera á Íslandi, það þurfum við að gera úti um allan heim, við sjáum að öll tíðindi úti í heimi, hvort sem það er Þýskaland, Grikkland, Bretland eða Bandaríkin, þau gefa okkur auðvitað til kynna að stjórnarmálamenn hafa náttúrlega yfirskuldsett hið opinbera og eina rétta svarið við því auðvitað er að standa með ábyrgum hætti að fjármálum og reyna auðvitað að auka tekjur hins opinbera, sem er meðal annars hægt að gera með skattalækkunum, auka svigrúm fólks og fyrirtækja og reyna auðvitað bæði til skamms og langs tíma, til þess að minnka skuldir hins opinbera. Það auðvitað á að vera okkar aðalhlutverk.

Og ég verð að segja að ég get ekki annað en bara gert athugasemdir við orð borgarstjóra þegar borgarstjóri sagði mjög kurteislega að það væri ekki algjör samstaða um skatta hér í borgarstjórn. Það er auðvitað bara bullandi ágreiningur um það, það er auðvitað engin samstaða um það að skattar eigi að hækka eða eins og hefur verið staðið að skattlagningu hér eða skattahækkunum hér, að skattar séu sanngjörn leið til að dreifa álaginu í samfélaginu. Auðvitað er það þannig að háar

Bstj. 30. nóvember 2011

skattahækkunir eru eitt af því sem er að koma mörgu af okkar besta fólki til útlanda og það er mjög margt fólk sem er að, við vitum út af skattahækkunum, að hugsa sig til hreyfings eða flytja úr landi. Og það að halda því fram að það sé ósanngjarnt að bera okkur saman við nágrannasveitarfélögin hvað þetta varðar, þá verð ég að segja að ég er algjörlega ósammála þeirri framsetningu líka. Í rauninni er sá samanburður óeðlilegur vegna þess að Reykjavíkurborg á að njóta hagkvæmni stærðarinnar. Reykjavíkurborg á, vegna tröllaukinnar stærðar sinnar miðað við önnur sveitarfélög, þá ætti okkur að veitast það miklu auðveldara að hafa hér skattprósentu miklu lægri heldur en er hér í mörgum sveitarfélögum í kringum okkur.

Þannig var það. Þannig var það einu sinni. Reykjavík var alltaf í lágmarksútsvari og á þeim tíma hélt því enginn fram að þrátt fyrir að Reykjavík væri í lágmarksútsvari og mörg sveitarfélögin í kringum okkur í hámarksútsvari, þá hélt því enginn fram á þeim tíma að Reykjavík væri að veita verri þjónustu heldur en önnur sveitarfélög í kringum okkur. Þvert á móti. Hún var að veita betri þjónustu þrátt fyrir að vera með lágmarksútsvar og það var auðvitað vegna þess að menn nýttu þar hagkvæmni stærðarinnar. Hinsvegar er alveg rétt að Reykjavíkurborg er að mörgu leyti að veita mjög góða þjónustu og betri en sum sveitarfélög í kringum okkur en þessa hagkvæmni stærðarinnar, það er ekki verið að nýta hana sem skyldi.

Þannig að ég get ekki verið sammála formanni borgarráðs þegar hann segist vera stoltur af þessari faglegu vinnu, hér hafi fyllstu fagmennsku verið gætt. Ég held hér miklu frekar að um sé að ræða einhverja hálfgerða hrákasmíð. Áætlun sem er sett fram í áróðursskyni í tilraun til þess að reka slyðruorðið af lélegri frammistöðu meirihlutans við áætlanagerð, við fjárhagsáætlun ársins og þá sérstaklega þriggja ára áætlunar, til þess að rugla stöðuna eigi bara að dæla út hér ákveðnum plöggum og svo kemur atvinnustefna þetta og stefna hitt þannig að þeir sem eru þó að reyna að fylgjast með borgarkerfinu og átta sig á því hvert það stefnir, að þeir verði kaffærðir í einhverjum pappír og viti ekki sitt rjúkandi ráð. Nei, ágætu borgarfulltrúar, leiðin til þess að skerpa á stefnumótun hér í borgarstjórninni er ekki að dæla út meiri pappír og láta alla prentara hér ganga á fullu og fylla allar helgar hjá okkur borgarfulltrúum þar sem við erum að drukna

Bstj. 30. nóvember 2011

Í einhverjum skýrslulestri yfir laugardagsmyndinni í sjónvarpinu. Það er ekki leiðin. Leiðin er miklu frekar sú að standa betur að þeim áætlunum, sérstaklega lögbundnu áætlunum, sem okkur er ætlað að skila, standa betur að þeim þannig að þetta verði góð vinna milli meirihluta og minnihluta, þetta verði marktæk plögg til framtíðar en ekki einhver áróðursplögg sem meirihlutinn spilar út hverju sinni.

Ef menn myndu standa sig betur í því, standa betur að þessum lögbundnu áætlunum, því sem þeir eiga svo sannarlega að sinna, þá væri sjálfsagt að ræða það og fara með kannski meiri [óskýrt] út í þá langtímaáætlanir eins og þessa, en ég myndi þá ætla að það væri þá betra að vinna ekki slíka áætlun undir í rauninni, í þeirri pressu sem hefur verið síðustu mánuði, engin pressa á okkur minnihlutann af því að við komum ekkert að henni, en einhver pressa hefur verið á meirihlutanum með þetta, menn hafa verið að vinna þetta samhliða fjárhagsáætlun næsta árs. Auðvitað hefði verið betra að taka þetta úr þessu stressaða ferli og fara með þessa vinnu einhvern veginn inn í næsta ár og kalla þá eftir raunverulegu samráði við okkur í minnihlutanum vegna þess að þessi áætlun er að fara út fyrir kjörtímabilamörkin. Raunverulegu samráði þannig að við gætum eða fengjum þá virkilegan tíma til þess að rýna þessar tölur en ekki keyra þetta í einhverju stressi áfram hérna í tvær umræður þegar menn eru með hugann við, eins og þeir eiga að vera að gera, við fjárhagsáætlun ársins, þá er þessu lætt hérna einhvern veginn inn í millitíðinni og með furðulegum hætti á að samþykkja þetta með þeim hætti. Þannig að ég get alls ekki tekið undir það að þau vinnubrögð séu vönduð og kalla eftir vandaðri vinnubrögðum í borgarstjórn á þessu sviði.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Þá hefur borgarstjóri óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Borgarstjóri Jón Gnarr:** Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, ég þakka bara borgarfulltrúa Kjartani Magnússyni fyrir kraftmikla og um margt skemmtilega ræðu og hugleiðingar. En mig langar til þess að áréttta eitt, að sko, það að þessi áætlun sé unnin af embættismönnum og lýsi þar með einhverskonar pólitískri blindu eða stefnuleysi, þá verð ég að gera athugasemd við það. Nú erum við alltaf að leita að einhverju jafnvægi og það var nú ein af niðurstöðum rannsóknarskýrslu Alþingis að hér hefði kannski verið of mikil pólitísk stjórn og jafnvel teknar ákvarðanir þvert á faglegar ráðleggingar og auðvitað, ég hef margoft sagt það hér og annarsstaðar að ég myndi vilja hjálpa til við að finna jafnvægi þarna á milli og við höfum rætt þetta áður, bara eins og til dæmis varðandi málefni Orkuveitu Reykjavíkur og þær ógöngur sem Orkuveitan rataði í og borgarfulltrúinn fer hér mjög hörðum orðum um þessa vinnu og ég er búinn að segja, það hefur komið fram, að hitinn og þunginn af þessari vinnu hefur hvílt á fjármáladeild borgarinnar og þar er mikið faglegt starf, þannig að ég get ekki séð annað en að orð borgarfulltrúans, með leyfi forseta, eins og „léleg vinnubrögð,“ „ekki fugl né fiskur,“ „ruglingslegt og óljóst,“ og jafnvel „óvenjulega ruglingslegt“ sé bara áfellingdómur yfir fjármáladeild Reykjavíkurborgar.

Síðan þetta varðandi, sem borgarfulltrúinn kemur hérna inn á, varðandi skattamál. Ég er búinn að vera til í 44 ár og ég minnst þess aldrei að hafa lifað hér í einhverjum skattlausum heimi eða skattlausu landi og alltaf einhver hluti af tekjum mínum sem hefur farið í að greiða skatta en það er þá spurningin um hvar eru mörkin, hvað er óeðlilega lítið og hvað er óeðlilega mikið? Og það er til dæmis þá athyglisvert að skoða það í samhengi við annað orðalag sem heyrir oft notað hér og það er hagkvæmni stærðarinnar. Að semsagt eftir því sem maður er stærri og meiri, þá hljóti maður að geta boðið upp á meiri hagkvæmni og ég hef komið inn á þetta í tillögum mínum og hugmyndum um sameiningu á sveitarfélögum, náum við þá ekki fram ennþá meiri hagræðingu með því að sameina þessi sveitarfélög? Ef það er raunverulegur ávinningur af stærðinni. Kannski er það eitthvað sem við gátum leyft okkur að gera hér fyrir hrúnið að greiða niður þjónustu og bjóða upp á þjónustu fyrir önnur sveitarfélög sem gátu þá boðið sínum íbúum upp á lægra útsvar í staðinn, en síðan varðandi litina, mér fannst það mjög athyglisvert hjá borgarfulltrúanum, þetta með litina og ef ég

Bstj. 30. nóvember 2011

skildi rétt, þá komst borgarfulltrúinn að því að litur Besta flokksins væri gulur og veit ég þá ekki hvort hann var að vísa til Bónusverslananna eða frjálshyggjuflokkanna í útlöndum.

Og þar sem ég hef yfirleitt haft miklar mætur á ræðum borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar og finnst hann mjög vel máli farinn og flytja oft stórsnjallar ræður, þá þakka ég honum kærlega fyrir hrósið varðandi svona skýra framsetningu á þessum skattamálum og tek undir orð hans að því leyti að Besti flokkurinn sé einhverskonar nýr vinstriflokkur, sem gæti hugsanlega verið, og tek undir með honum að vinstrimenn á Íslandi hafa alltaf verið mjög góðir í að stofna nýja flokka og þakka fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarstjóri lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Kjartan Magnússon:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka borgarstjóra fyrir að bregðast við minni ræðu, vek samt athygli á því að ég held að það sé hefð fyrir því að þegar borgarstjóri kemur upp í andsvör, þá haldi hann sig innan tímamarka andsvara. Ég held að það sé hefð fyrir því, ég man ekki hvernig þetta er í reglunum. Þannig að borgarstjóri er auðvitað hér í mjög sérstöku hlutverki þegar hann gagnrýnir ræður, hann getur talað endalaust væntanlega en við fáum þá tvær mínútur til að svara fyrir okkur.

Ýmislegt af því sem borgarstjóri kom inn á í svari sínu kallar nefnilega á mjög langa umræðu. Skilin milli pólitískra fulltrúa, hann fjallaði um Orkuveituna, hann kom inn á fleiri hluti sem verðskulda langa umræðu. Ég get þó sennilega bara komið inn á eitt sem er kannski meginatriði í hans máli, sem var þetta með embættismennina. Ég var ekki að halda því fram þrátt fyrir að þessi áætlun væri að miklu leyti unnin af embættismönnum, þá fæli hún í sér pólitískt stefnuleysi. Borgarstjóri ber auðvitað meginábyrgð á framlagningu þessarar áætlunar. Borgarstjóri er ekki bara pólitískur borgarfulltrúi sem situr hér í sölum borgarstjórnar. Hann er embættismaður. Hann er æðsti embættismaðurinn í Ráðhúsinu, hann er æðsti embættismaðurinn yfir þessum 8.000 borgarstarfsmönnum. Þetta hefur verið sameinað og við ætlumst auðvitað til þess að embættismaðurinn, hann bara vísi ekki einhverjum svona hlutum inn á fjármáladeildina. Hann á að vera vel inni í þessum málum sjálfur, hann á að leiða þessa vinnu sem æðsti embættismaðurinn. Hann, sem æðsti embættismaðurinn, ber á endanum ábyrgð á vinnu allra annarra embættismanna.

En svo kemur hann hingað og leggur fram þessa furðulegu fimm ára áætlun og talar eins og hann beri síðan enga ábyrgð. Þegar við gagnrýnum þessa áætlun, þá reynir hann alltaf að koma sér undan á flótta með því að segja að við sem gagnrýnum þessa áætlun, leyfum okkur það, við séum að gagnrýna embættismennina á fjármáladeildinni. Það er ekki svo. Ég tók það fram sérstaklega nokkrum sinnum í máli mínu hér áðan að hér er fyrst og fremst verið að gagnrýna hina pólitísku óstjórn í Ráðhúsinu og sú gagnrýni kemur auðvitað ekki síst niður á borgarstjóra sjálfum, sem er, auk þess að vera oddviti meirihlutans, er æðsti embættismaður borgarinnar og ber þess vegna mikla ábyrgð

Bstj. 30. nóvember 2011

[forseti slær í bjöllu] á þessari vinnu sem þessi áætlun felur í sér og framlagningu hennar hér í sölum borgarstjórnar.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið við að svara andsvari. Þá er næstur á mælendaskrá borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér hefur þessu plaggi, þessari áætlun, fimm ára áætlun sem lögð hefur verið fram og er hér til fyrri umræðu í borgarstjórn, verið lýst sem tímamótaplaggi og hér séu í dag mikil tímamót. Hér er verið að lýsa framtíðarsýn til næstu fimm ára og hún er, að mati þeirra sem hana lögðu fram fyrir hönd meirihlutans, í einu orði sagt glæsileg. Það hefur nú tíðkast hér þegar áætlanir eru lagðar fram fyrir borgarstjórn, að þá sé fyrri umræða einungis meðal oddvita en ekki borgarfulltrúa almennt en hér er brotið blað í þessum efnum og hér munu borgarfulltrúar hafa fullt málfrelsi og geta tjáð sig um þetta. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú, að þetta eru svona mikil tímamót, úr því að menn eru að horfa fram á veginn með þessum hætti, hvar eru þá borgarfulltrúar þessa meirihluta?

Hér hefur að vanda Dagur B. Eggertsson komið upp og farið mikinn, hér hefur borgarstjórinn staðið upp og lesið upp það sem honum hefur verið rétt. Farið með það og lesið það prýðilega, en hvar er formaður til dæmis velferðarráðs? Formaður menningar- og ferðamálaráðs, formaður íþróttaráðs, formenn hinna ýmsu ráða borgarinnar sem hér sitja og ég horfi bara á, en þeir láta sem þeir séu ekki hér á staðnum. Þeir taka á engan hátt þátt í því sem hér er verið að tala um og ég verð að segja það að ég er nokkuð hissa á þessu. Og hvernig getur staðið á því? Af hverju koma menn ekki hér upp og tjá sig um þetta mál og lýsa sinni framtíðarsýn? Er það vegna þess að menn hafa bara ekkert komið að þessu? Er það vegna þess að hér er verið að leggja fram plagg sem er langt frá því að vera tilbúið til þess að leggja fram í borgarstjórn og langt frá því að nokkur hafi komið að þessu plaggi, aðrir en kannski borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson?

Mér virðist það einna helst, hann er sá eini sem virðist geta talað um þetta plagg og það kom jafnframt fram í borgarráði að hann virðist vera eini maðurinn sem var sæmilega inni í þessu plaggi. Fyrir utan þá embættismenn sem auðvitað fengu það verkefni frá meirihlutanum að gera fimm ára áætlun og fyrir okkur liggur 100 síðna bæklingur og ég geri mér grein fyrir því að þetta er gríðarleg vinna sem að baki býr, og sú vinna er einmitt unnin þegar fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 er unnin líka. Þannig að ég bara kalla eftir því, ágætu borgarfulltrúar sem hér sitjið í meirihlutanum, að þið hangið ekki í tölvunum, þið hangið ekki á Facebook þegar

Bstj. 30. nóvember 2011

við erum að tala hér um merkileg mál sem kölluð hafa verið tímamót og látið eins og þið séuð ekki hér á staðnum. Komið hér upp, lýsið ykkar framtíðarsýn og takið þátt í þessum umræðum. Verið þið með.

Hér í ágústmánuði vorum við að ræða um þriggja ára áætlun. Hún var lögð hérna fram 10. ágúst og hún var lögð svona fram í nokkrum skugga. Hún var lögð fram þann 10. ágúst vegna þess að ríkisvaldið krafðist þess af meirihluta borgarstjórnar að hann hysjaði upp um sig buxurnar og legði fram þriggja ára áætlun eins og lög gera ráð fyrir og það þekkja vonandi borgarfulltrúar hér í borgarstjórn að þriggja ára áætlun ber að leggja fram eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Hana ber semsagt að leggja fram eigi síðar en í febrúar. En hún var lögð fram í ágúst. Ekki vegna þess að hún væri tilbúin eða vegna þess að það var ætlun meirihlutans að leggja fram þriggja ára áætlun, hún var lögð fram vegna þess að þess var krafist af ríkisvaldinu, vegna þess að við fengum bréf hingað inn á borð borgarráðs þess efnis að hér bæri að leggja fram þriggja ára áætlun. Og minnihlutinn hér í borgarstjórn var ítrekað búinn að krefjast þess af meirihlutunum að hann gerði eitthvað í þessu máli og legði fram þriggja ára áætlun.

Nú er hinsvegar komin fimm ára áætlun og því áttum við auðvitað von á að hún myndi verða lögð fram vegna þess að borgarstjórinn, við framlagningu þriggja ára áætlunar, talaði um hina vönduðu og ígrunduðu fimm ára áætlun sem væri væntanleg og það kom jafnframt fram í formála að þriggja ára áætlun að hér sé að vænta mikilla tíðinda þegar fimm ára áætlun verður lögð fram. Fimm ára áætlun er ekki lögbundin. Meirihlutunum ber engin skylda til að leggja fram fimm ára áætlun. Hún er lögð fram til þess væntanlega að sýna einhverja framtíðarsýn en kannski fyrst og fremst sem einhverskonar áróðurspési fyrir meirihlutann. 100 síðna áróðurspési fyrir þennan meirihluta sem hann þarf ekkert að standa við. Hann þarf ekkert að leggja þessa áætlun fram, hann þarf ekkert að standa við þessa áætlun. Það þarf enginn að fjalla um þessa áætlun. Það er engin hætta á því til dæmis að ráðuneytið sendi hingað til okkar einhverja fyrirspurn um það hvernig þessi áætlun var unnin vegna þess að hún er ekki lögbundin og ráðuneytinu kemur það eiginlega bara ekkert við.

Bstj. 30. nóvember 2011

En ráðuneytinu kemur við hvernig þriggja ára áætlun var gerð og það vakna auðvitað spurningar hér um það með hvaða hætti staðið var að þriggja ára áætlun, sem í stærstu dráttum er ekki í neinu samræmi við fimm ára áætlun. Og ég ætla bara að biðja borgarfulltrúa að fletta upp á gögnunum og skoða skatttekjur, aðrar tekjur, launaþróun og annað slíkt, og þeir munu sjá það að þessar tölur ríma ekki saman. Og hvað merkir það? Nú, það er vegna þess að fimm ára áætlun er raunverulega bara framlenging um tvö ár á þriggja ára áætlun. Það er nú ekki merkilegra en svo og það lá svo mikið á að leggja fram fimm ára áætlun, það gat ekki beðið enda þótt hún væri ekki tilbúin, eins og húsið væri bara að brenna. Það varð að leggja hana fram, enda ef hún hefði verið lögð fram í janúar hefði þetta náttúrulega ekki verið fimm ára áætlun, þá hefði þetta verið fjögurra ára áætlun, það hefði náttúrulega verið frekar hallærislegt, þannig að auðvitað voru menn að reyna að ljúka þessu af á þessu ári eins og við sjáum.

En þar fyrir utan, ef menn þekkja þetta rétt og ef menn fylgjast með og hafa lesið ný sveitarstjórnarlög, þá sjá þeir að á næsta ári ber okkur hvort eð er að leggja fram fjögurra ára áætlun um leið og fjárhagsáætlun er lögð fram. Þannig að það eru varla miklar nýjungar í þessu og það er varla mikið hægt að berja sér á brjóst fyrir það að leggja fram fimm ára áætlun núna, sem að auk þess, eins og ég segi, hefur raunverulega engan lagalegan grundvöll og menn geta hagað sér bara eins og þeir vilja.

Þeir sem hlustuðu á ræðu borgarstjóra við framlagningu þriggja ára áætlunar tóku auðvitað eftir því að því voru gerðir skórnir að hér væri um varfærna og vandaða fjárhagsáætlun að ræða. Ég ætla aðeins að lesa, með leyfi forseta, stuttlega úr þeirri ræðu, borgarstjóri sagði svo:

Frumvarp að 3ja ára áætlun Reykjavíkurborgar grundvallast á þeirri sýn að varfærin fjármálastjórn sé lykillinn að því að standa vörð um þjónustu Reykjavíkurborgar. Jafnframt er byggt á þeirri trú að skynsamlegt sé að beita 5 og 10 ára áætlanagerð til að greina sóknarfæri og hættur til að tryggja velferð íbúa til langrar framtíðar. Varfærin fjármálastjórn er á þessum viðsjárverðu tímum forsenda öflugrar sóknar.

Þetta voru nú orð borgarstjóra við framlagningu þriggja ára áætlunar og auðvitað gátum við eins og allir aðrir sem á hann hlustuðu eða lásu þau plögg sem fylgdu þriggja ára áætlun gert okkur vonir um það að hér væri um vandaða áætlun að

Bstj. 30. nóvember 2011

ræða. En nú er einhvern veginn talað um þessa þriggja ára áætlun eins og hún hafi bara verið einhverskonar plat, það hafi ekki verið lögð nein vinna í hana, en vinnan sem lögð var í fimm ára áætlun. En ég leyfi mér að efast um að svo sé. Til dæmis vil ég nefna það að þegar þriggja ára áætlun var lögð fram, sko, fyrir einum ársfjórðungi, það er ekki eins og þetta sé fyrir einhverjum löngum tíma. Fyrir þremur mánuðum var þessi þriggja ára áætlun lögð fram hér í borgarstjórn og var þá til umræðu. Og það sem meira er, að forsendur þriggja ára áætlunar eru nákvæmlega þær sömu og þessarar fimm ára áætlunar. Þær byggja báðar á þjóðhagsspá frá 8. júlí 2011. Þannig að forsendurnar eru nákvæmlega þær sömu og ef menn eru að gera þriggja ára áætlun í ágúst með þeim forsendum sem þar lágu fyrir og gera síðan fjárhagsáætlun til fimm ára og leggja hana fram hér í borgarstjórn í lok nóvember og byggja það á sömu forsendum. Eigum við þá ekki von á því að niðurstöðurnar séu þær sömu? Að það séu sömu tölur sem koma út úr þeim útreikningum, er það ekki bara sjálfgefið?

En það er bara alls ekki svo. Hér munar til dæmis á skatttekjum árið 2014 sem er síðasta ár þriggja ára áætlunar 12,7% sem tekjur eru hærrí í fimm ára áætlun heldur en í þriggja ára áætlun og eins og ég segi, forsendurnar eru þær sömu. Þriggja mánaða munum á framlagningu þessara tveggja áætlana. Hver er vandvirknin? Er von að menn beri ekki traust til áætlanagerðar meirihluta hér í borgarstjórn? Er það nema von? Hverju á að treysta? Á að treysta þriggja ára áætlun eða á að treysta fimm ára áætlun? Viljið þið velja? Ykkur er frjálst að koma hér upp í þennan ræðustól og velja hér á eftir, borgarfulltrúar góðir, ef þið viljið taka þátt í þessum umræðum, og segja mér: hvort teljið þið tryggari áætlun, þriggja ára áætlun eða fimm ára áætlun? Það væri mjög fróðlegt að sjá það. Ég vona að þið hafið lesið báðar. Og þið sjáið þá líka aðrar tekjur borgarstjórnar eða þá laun og launatengd gjöld þróast með allt öðrum hætti í þriggja ára áætlun heldur en í fimm ára áætlun og þó aftur ítreka ég að forsendurnar eru nákvæmlega þær sömu.

En hver eru tíðindin sem við getum lært af þessu? Hver eru tíðindin af þriggja ára áætlun? Hver eru tíðindin af fjárhagsáætlun sem nú bíður annarrar umræðu og hver eru tíðindin af fimm ára áætlun sem hér er? Þau eru náttúrulega þau tíðindi sem meirihlutinn í borgarstjórn vill ekki heyra og reynir ítrekað að segja að sé

Bstj. 30. nóvember 2011

ekki satt en segir þá um leið ósatt. Tíðindin eru þau að fjárhagur Reykjavíkurborgar er traustur og að núverandi meirihluti hefur tekið við góðu búi. Þessi meirihluti bjargaði ekki skólunum eins og borgarstjóri mun hafa sagt. Hann bjargaði ekki Orkuveitunni, leikskólunum eða velferðinni. Hann bjargaði engu. Hann tók bara við sterku búi. Sem betur fer hefur hann í mörgum tilfellum fylgt sömu stefnu og fyrri meirihluti mótaði í október árið 2008 þegar ákveðið var að standa vörð um velferðina og sem betur fer hefur núverandi meirihluti gert hið sama. Í flestum tilfellum hefur núverandi meirihluti í litlu breytt þeirri stefnu sem sett var fram, nema í gjaldskrármálum og í skattamálum. Þar hefur þessi meirihluti skorið sig stórkostlega frá þeim stefnum sem mótaðar voru á síðasta kjörtímabili.

Það er nokkuð gott í þriggja ára áætluninni, sem lögð var fram í ágúst eins og ég sagði áðan, þar er farið yfir ytri skilyrði. Það er lagt mat á svona þá óvissuþætti sem ríkja í þjóðfélaginu, það var lagt mat á svona hvar við verðum að passa okkur og það er fyrsti kaflinn sem heitir ytri skilyrði og þar er semsagt rætt um peninga- og gjaldeyrismál, þrot viðskiptabankanna þriggja, Icesave, jöklabréfin og takmarkanir á hverskyns fjármálaviðskiptum og glímuna við vantraustið sem erlendir aðilar hafa á okkar þjóð. Vaxandi verðbólgu, hækkandi fasteignaverð, hækkandi heimsmarkaðsverð og svo framvegis. Verðmæti útflutningsgreina og það er farið yfir þetta á heimsvísu er fjallað jafnframt um Grikkland, Ítalíu, Spán og Portúgal og þetta er náttúrliga ágætislesning en það er fyrst og fremst verið að benda á þá miklu óvissu sem ríkir um framtíðarspár á Íslandi í dag, ég tek bara undir það og er alveg sammála því en síðan er þessi spá gerð og hún byggir á þjóðhagsspánni sem kom út nokkrum dögum áður.

Nú vill hinsvegar svo til að þegar fimm ára áætlun er gerð, þá er eins og þessi óvissuskilyrði séu bara hvergi nærri. Það er bara hvergi minnst á þau. Það er engin yfirferð um fjármálastöðuna eða efnahagslífið. Það er hvergi talað um það enda myndi það ekki sæma áróðurspésa af þessu tagi að það væri verið að fjalla um einhverja erfiðleika í efnahagslífinu sem framundan eru. Að vísu skal ég þó geta þess að það er hérna aftast ritgerð eftir hagfræðing sem er bara þrýðileg ritgerð en hann hefur ekkert verið kynntur til leiks og ég veit ekkert hvernig á því stendur að hann er sérstaklega til þess valinn að fjalla um efnahagshorfur í þessari, eins og ég segi, þrýðilegu ritgerð sinni sem reyndar þó tekur ekki á þeim stóra þætti sem

Bstj. 30. nóvember 2011

stjórnvöld eiga í efnahagslífinu. Og hann fjallar að miklu leyti um einkaneysluna og auðvitað mikilvægi hennar og hvert hún er að þróast og sýnir fram á það í þessari ritgerð sinni en það er ekki fjallað um það hver áhrif til dæmis skattlagning á einstaklinga getur haft á slíka einkaneyslu og kannski er það þess vegna einmitt sem er ágætt að hafa ritgerð af þessu tagi hér, en hvort við eigum að álíta sem svo að þessi ritgerð hagfræðingsins sé að einhverju leyti orð borgarstjóra eða núverandi meirihluta eða kannski bara þeirra sem sömdu skýrsluna, að því er virðist að talsverðu leyti upp á eigin spýtur, þeir embættismenn sem hér eru og eiga hrós skilið fyrir það að klára þetta mikla verk, skal ég ekki um segja.

Ég vil þó segja að það er auðvitað skemmtileg pæling hvernig Reykjavíkurborg getur verið að þróast og hvort við eigum að kalla hana alþjóðlegu borgina, kreppuborgina, stöðnunarborgina eða grænu borgina. Við getum kallað hana miklu meira, við getum farið alveg hreint upp í 10, 15, 20 möguleika og 10, 20 sviðsmyndir í þeim efnunum og komist að einhverri allt annarri niðurstöðu. Það er ágætt, það er ágætt einmitt áður en farið er af stað og stefnan tekin, en stefnan hefur ekki verið tekin og ég tek undir það að að þessu leyti er þessi fimm ára áætlun óljós. Hún leggur upp ákveðna vegferð sem hægt er að fara og ákveðnar leiðir sem hægt er að nýta sér í það að velja framtíð Reykjavíkurborgar með pólitískum gleraugum en hún gerir það í sjálfu sér ekki. Hún leggur fram þessa möguleika en hún tekur ekki afstöðu til þeirra. Þannig að þetta frumvarp hér til fimm ára áætlunar er frumvarp sem, ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði verið alveg verið tilbúinn til þess að setjast yfir, koma að þessari vinnu og leggja mitt af mörkum til þess að gera fimm ára áætlun fyrir Reykjavíkurborg. Þannig er bara ekki unnið í Reykjavíkurborg í borgarstjórn í dag. Það er bara ekkert unnið þannig að við hérna sem skipum minnihlutann og erum í borgarstjórn eða í borgarráði jafnvel og í nefndum og ráðum borgarinnar, að við séum beðin um að taka þátt í þessu. Ég hef bara ekkert séð þetta plagg fyrr en það var lagt fram í borgarráði í fyrradag á aukafundi borgarráðs af því að svo mikið lá á að klára þetta.

Það sama má segja um atvinnustefnuna sem ég tel að ég geti alveg lagt mitt af mörkum til þess að forma hana og skýra, að ég hef að sama skapi ekki komið nokkurn skapaðan hlut nálægt gerð þessarar atvinnustefnu og þannig er bara unnið í borgarstjórn. Þannig verður maður bara að taka því. Þannig vill meirihlutinn hafa

Bstj. 30. nóvember 2011

Það. Besti flokkurinn, grínistaframboð Besta flokksins, kallaði á nýja tíma og vildi móta nýja tíma í samskiptum borgarfulltrúa og nýja tíma í stjórnámálum þar sem allir töluðu saman og ynnu saman en í þessum efnum hefur þessu grínistaframboði Besta flokksins orðið ekkert ágengt og mun fara hér úr borgarstjórn án þess að skilja mikið eftir sig, því miður. Hann hafði tækifærin, þessi flokkur, en hann er ekki að nýta sér þau því miður og mér þykir það leitt vegna þess að ég persónulega held að það hefði margt skemmtilegt getað gerst og ég get sagt það hérna svona frá minni hálfu að innan þessa hóps er sérstaklega skemmtilegt, hugmyndaríkt og gott fólk sem getur margt unnið gott borginni til heilla en ég sé ekki það gerast.

Og kannski er það vegna þess að Besti flokkurinn ræður bara svo miklu minna heldur en hann ætti að ráða hér í borgarstjórn. Kannski er það vegna þess að Samfylkingin hefur tekið til sín öll þau svið og ráð borgarinnar þar sem einhverjir peningar renna í gegn og þau sem sitja í Besta flokksnum hafa bara einhvern veginn ekki pólitískan sans fyrir því að það er verið að skilja þá eftir í geiminu. Þeir eru ekki að taka þátt í því að spila á sólólgítarinn, þeir spila bara á ryþmagítar og fá ekki að vera með og glansa eins og ég hefði nú ætlast til eða hefði vonast til að þeir gætu gert á þessu tímabili sínu hér í borgarstjórn. Það er illa farið með góðan tíma, ég ætla bara að segja það.

Þannig að ég segi, því miður, þessi fimm ára áætlun sem hér er lögð fram, hún hefði getað orðið eitthvað. Hún er svona eins og efnilegur leikari sem aldrei verður að góðum leikara. Hún er einhvern veginn ófullburða, hún er óljós, hún er ekki að lýsa framtíðarsýn og það er eiginlega til einskis að lesa þann texta sem á að lýsa framtíðarsýn eins og það er orðað einstakra ráða og sviða borgarinnar, vegna þess að það er ekki neitt. Það er bara ekki neitt. Það er bara svona almennur texti sem er svona kannski á heimasíðu Reykjavíkurborgar um svona hvað skipulagssvið er að gera og það er ekkert merkilegt í því og engin framtíðarsýn í því. Ég hefði svo sannarlega viljað geta sest niður og lýsa þeirri framtíðarsýn sem ég hef í þessum efnum og ýmsum öðrum ráðum og nefndum borgarinnar en eftir því hefur ekki verið leitað og verður ekki leitað. Ég bara veit að svo er ekki, fyrir því er ekki áhugi og það verður þá bara að vera svo en ég segi því miður, hér hefði getað skapast tækifæri en að því er virðist hefur Samfylkingin sett fram

Bstj. 30. nóvember 2011

áróðurspésa sem hún heldur að komi til með að gagnast þessum meirihluta til þess að vinna sig í álit, sem fer mjög þverrandi hér meðal borgarbúa og setur fram þetta plagg í stað þess að gefa sér betri tíma og kalla eftir samráði og samvinnu og gera þetta af einhverju viti.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kem hérna upp sem sólólgítarleikari [hleigið í salnum], áhrifamikil. Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi spurði hvar formenn fagraða væru, af hverju þeir væru ekki að hlusta, hvað þeir væru eiginlega að gera hérna á borgarstjórnarfundinum og vill fá umræðu okkar allra um fimm ára áætlun. Það er þannig að umræður um þriggja ára áætlun og svona stærri áætlanir hafa verið þannig í borgarstjórn að í fyrri umræðu hafa oddvitar talað og í seinni umræðu, þegar allar spurningar hafa komið fram og svona megináherslur verið lagðar, þá hefur verið farið ofan í málaflokkana og spurningum svarað og áherslur settar.

Það var ekki um þetta samkomulag í forsætisnefnd vegna þess að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vildu fá að koma hér upp, fleiri en oddviti, og ræða fimm ára áætlun. Það var bara orðið við því og sjálfstæðismönnum er sjálfsagt að koma hér upp og ræða þessa fimm ára áætlun og þeir hafa gert það, talað hér um áróðursþéssa og hrákasmíð og glötuð tækifæri og fleira. Ég hef ekki ennþá séð áhuga þeirra á málaflokkunum, ég hef hlustað mjög vel, ég hef verið að hekla. Einn borgarfulltrúi spurði hvort ég væri að gera jólagjafir, og ég er að hugsa um að gera það og jafnvel til þeirra borgarfulltrúa sem sérstaklega óska eftir því. Ég er einmitt að hekla til þess að geta hlustað en það hefur verið sorglegt að heyra að það hefur ekkert verið spurt út í faglegar áherslur inni á hverju sviði hér í þessari umræðu. En áherslur innan velferðarsviðs mun ég ræða hér í seinni umræðu og kem glöð til þeirrar umræðu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Já, forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta er nú bara því miður ekki sagt, ágæta þrjónakona og borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir. Hér höfum við, borgarfulltrúar minnihlutans, komið upp og spurt um atriði sem snúa að sviðunum en kvartað yfir því að enga framtíðarsýn er að sjá í þessu plaggi varðandi sviðin og við höfum óskað eftir því að þið og þá ekki síst borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir komi upp og bara lýsi sinni framtíðarsýn og taki þátt í þessari umræðu. Mér finnst það ofsalega einhvern veginn ferkantað og lítið skemmtilegt að koma hér upp, eins og borgarfulltrúinn gerði, og segja: við höfum alltaf gert þetta með öðrum hætti og þess vegna ætlum við ekkert að gera þetta öðruvísi núna. Þess vegna ætlum við bara að bíða og leyfa okkur aðeins að fara yfir þetta í rólegheitum og svona gera þetta nice and cozy einhvern tímann seinna. Við erum búin að fara í gegnum þrjú ára áætlun fyrir þremur mánuðum, við erum með fjárhagsáætlun í gangi núna hér sem bíður seinni umræðu, við erum að fara núna yfir fimm ára fjárhagsáætlun.

Þarf einhvern frest til þess að fara að ræða áætlun? Fjárhagsáætlun hér í borgarstjórn? Ég segi bara að það getur ekki verið. Það getur ekki verið að borgarfulltrúar fylgist ekki betur með en svo að þeir séu tilbúnir til þess að ræða sín svið og fara yfir sína sýn til næstu fimm ára. Það hlýtur að vera hægt. Og ég bara óska eftir því og þakka borgarfulltrúa Björk Vilhelmsdóttur fyrir að koma hingað upp og taka þátt í þessari umræðu, þó með svona litlum hætti sé. Hvet hana til að koma aftur, gera betur grein fyrir sínu sviði og hvað hún sér fyrir sér og ég hvet aðra borgarfulltrúa enn einu sinni til þess að hlusta, vera með, taka þátt í umræðunni, segja sínar skoðanir. Borgarstjórn er ekki bara einhver staður til að koma og slappa af. Það geta menn gert þegar þeir fara heim til sín.

**Forseti:** Já. Þá hefur Júlíus Vífill Ingvarsson lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

## **1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Já, forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka Júlíusi Vífli Ingvarssyni fyrir að svara andsvari mínu og gefa mér tækifæri til þess að koma hér upp aftur og ræða þessa fimm ára áætlun. Ég lít svo á að hér sé verið að búa til ákveðinn ramma sem sýnir okkur hvaða svigrúm við höfum á næstu árum til þess að móta okkur inni í. Hvaða svigrúm höfum við til þess að fara í þau verkefni sem við verðum að fara í og hvað til þess að gera annað í samræmi við stefnumörkun hvers árs. Síðan er, eins og er í gögnunum, hvert svið með sín leiðarljós og það getur vel verið að, eða Júlíus Vífill Ingvarsson saknar þess að hafa það ekki betra en þó er þetta skrifað af formönnum ráða og það sem fram kemur hér varðandi velferðarmálin, að það er mjög margt að gerast þar á næstu fimm árum sem mig langar til þess að ræða en ég þarf að gefa mér meiri tíma til og ég hafði ekki hugsað mér að gera það núna í þessari umræðu því þó svo að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hefðu viljað tala hér allir í þessari umræðu, þá geta þeir ekki stjórnað því hvernig aðrir haga sínum málflutningi. En ég er til í að tala hér um málefni aldraðra, um heilsugæsluna, um málefni fatlaðra, um fjárhagsaðstoð og virkni og hvernig það vinnur saman við atvinnuleysisstig til næstu ára og það mun ég gera hér í seinni umræðu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

**1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla bara að koma hér í pontu til þess að þakka fjármálastjóra og starfsfólki fjármálaskrifstofu fyrir ágæta skýrslu um mögulega efnahagsþróun á næstu fimm árum. Ég vil reyndar nota tækifærið og þakka öllu starfsfólki borgarinnar og öllum embættismönnum fyrir allt það sem þau hafa gert til þess að daglegt líf borgarbúa gangi sinn vanagang hér í borginni. Það er aðdáunarvert að sjá hversu mikið fólk er tilbúið til þess að leggja á sig til þess að starfsemin virki sem skyldi, án þess að hafa stefnu eða pólitísk leiðarljós til að fylgja.

Við meirihlutann hef ég ekkert nýtt að segja. Það er gömul saga og ný að þar á bæ sé hvorki til stefna né sýn. Nema auðvitað sú að styrkja eigin sjálfsmynd og ímynd og segjast vera að gera allskonar hluti sem eru svo ekki neitt neitt. Að leggja fram skýrslu fjármálaskrifstofu um mögulega efnahagsþróun sem pólitíska stefnumótun og ætla okkur að ræða hana hér eða taka til hennar afstöðu, það þykir sumum kannski gott grín en ég held að sá brandari geri lítið fyrir borgarbúa.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Gísli Marteinn Baldursson:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að þakka þeim embættismönnum sem hafa unnið að þessu plaggi fyrir þeirra vinnu. Ég held að það sé margt mjög gagnlegt í því eins og margir hafa bent á hér í dag og ég tek undir lokaorð Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa þegar hann sagði að það væri mikilvægt fyrir okkur hér inni að segja hvert við viljum stefna, hvaða sviðsmyndar við viljum reyna að horfa til, en í því liggur nú kannski líka vandinn að í fimm ára áætluninni er einmitt ekki sagt nákvæmlega hvert við viljum stefna. Mér finnst kannski vanta það í fimm ára áætlunina. Er hún líkust grænu borginni eða er hún líkari kreppuborginni eða hvað?

Það held ég að sé það sem félagar mínir hér hafa verið að benda á, sem er skorturinn á því að þessi fimm ára áætlun feli í sér ákveðna framtíðarsýn en sé ekki eingöngu þessi framreikningur. Það sem þó má ráða í þarna er auðvitað misgott, finnst mér, eins og til dæmis er það slæmt að það skuli ekki vera gert ráð fyrir neinum lækkunum á sköttum, útsvari eða fasteignagjöldum. Það er ekki gott, það er vissulega stefnumörkun sem felst í því eins og Kjartan Magnússon borgarfulltrúi kom inn á. Margt annað hinsvegar hefði ég viljað sjá aðeins öðruvísi gert þegar við erum að horfa til þetta langs tíma, þó það séu ekki meira en fimm ár, þá getur margt breyst á fimm árum sem hefur veruleg áhrif á það hvernig fjármál borgarinnar virka. Ég er hjartanlega sammála því sem fulltrúar meirihlutans hafa sagt að þetta er auðvitað samofið allskonar öðrum áætlunum sem við erum með hérna, til dæmis aðalskipulagi og þess háttar, en ég hefði bara viljað sjá það koma betur fram í þessari fimm ára áætlun.

Mér finnst mjög margt af ítarefninu sem er lagt fram hérna vera gott. Mér finnst það svona geta hjálpað okkur að hugsa um það hvar við viljum vera eftir fimm ár eða tíu ár en mér finnst hafa vantað að sú hugsun kæmi inn í áætlunina sjálfa. Og vonandi í þessum umræðum hér í dag og í umræðunum eftir hálfan mánuð getum við svona aðeins talað okkur niður á það nákvæmlega hvert við viljum fara og ég reyndar er að vona að þessi áætlun hér sé svona kannski líkust grænu borginni. Hef aðeins verið að bera mig upp við embættismenn og aðra með það hvort það geti verið en það kemur ekki nógu skýrt fram. Og eins ágætar og sviðsmyndirnar eru, þá hefði ég viljað að þessi áætlun væri nánast ein af sviðsmyndunum. Að

Bstj. 30. nóvember 2011

Þessi áætlun bæri í sér einhverja ákveðna tiltekna sýn og þá segi ég fyrir mig að ég hefði helst viljað að það væri einhver samblanda af alþjóðaborginni og grænu borginni og er þar sammála borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni.

Ég nefni sem dæmi, bara af því að það er nýlega komin könnun, að á held ég fjórum árum, fjórum árum já, hefur það til dæmis gerst að hlutfall þeirra sem keyra einir í vinnuna, svo ég taki bara það mál sem kostar okkur í borginni mikla peninga, það hefur lækkað um 12 prósentustig bara á þessum tíma. Það er auðvelt að reikna það út í beinharða peninga hvað það sparar okkur mikið í allskonar viðhaldi á götum og svo framvegis, fyrir utan hvað það sparar borgarbúum sjálfum. Þannig að innan fimm ára geta allskonar hlutir gerst í borginni sem hafa veruleg áhrif á fjárhag borgarinnar og fjárhag einstaklinganna, þannig að ég vil ekki gera lítið úr því að gera fimm ára áætlun og fagna því í rauninni, en segi það samt sem áður að ég hefði gjarnan viljað að þessi áætlun hefði svona betri merkimiða og að hún endurspegladi betur það sem ég held að sé stefna okkar flestra hérna í borgarstjórn.

Það örlar aðeins á því finnst mér hjá þessum ágæta meirihluta sem situr, það örlar á ákveðinni svona frestunaráratu. Það er að segja, og ég vil ekki vera eitthvað of neikvæður en ég ætla að reyna að útskýra hvað ég er að hugsa. Þegar við afgreiddum þriggja ára áætlunina, þá átti sýnin að koma fram í fimm ára áætluninni. Þá átti fimm ára áætlunin að vera plaggið sem myndi virkilega sýna okkur hvert við værum að stefna. Nú þegar fimm ára áætlunin kemur, þá er hún ekki alveg þannig og það er alveg viðurkennt að þetta sé ekki pólitíska stefnumörkunin. Og þá heyrir mér helst að hún eigi að koma í aðalskipulaginu. Og ég vona svo sannarlega að hún verði að einhverju leyti þar en það voru fögur fyrirheit um að þetta yrði líka í fimm ára áætluninni, sem síðan er ekki, og það eru vonbrigði fyrir okkur öll sem bjuggumst við því að þetta væri þar. Og í fimm ára áætluninni koma sviðsmyndir sem eru einmitt þessi framtíðarsýn sem við höfum verið að kalla eftir, en hún er bara ekki á áætluninni sjálfri, hún er bara í hliðarefni.

Þannig að einhvern tímann þurfum við að taka ákvörðunina: hvernig borg viljum við vera? Hvað ætlum við að verða þegar við verðum stór? Og þá þarf meirihlutinn að taka á því ábyrgð og rétt eins og Hanna Birna Kristjánsdóttir

Bstj. 30. nóvember 2011

borgarfulltrúi sagði, þá er það marklaust nema minnihlutinn komi að því líka vegna þess að þetta nær yfir það langan tíma. Eins og menn hafa verið að reyna inni í aðalskipulaginu, að afgreiða aðalskipulag sem allir eru sáttir um. Það er ekki tilviljun að menn gera það. Það er vegna þess að það er marklaust ef því verður breytt strax eftir næstu kosningar. Þannig að það skal algjörlega tekið undir það að það veldur vonbrigðum að það sé ekki sterkari sýn í þessari fimm ára áætlun en að sama skapi er þakkað fyrir þann vott að nýjum vinnubrögðum sem við gætum hafa fengið þarna en sárindin eru einmitt þeim meiri af því að þau koma ekki, þessi nýju vinnubrögð.

Þannig að mér finnst eins og meirihlutinn skilji alveg hvað þarf að gera en er einhvern veginn ekki með kraftinn til þess að reka smiðshöggið á það. En eins og ég segi, þá er ekki öll nótt úti vegna þess að við eigum eftir að fara hérna í gegnum aðra umræðu um þessa fimm ára áætlun. Þar sem ég er að vona að fulltrúar og formenn þeirra ráða sem hér sitja muni gera grein fyrir því nákvæmlega hvernig þeir sjá þetta snúa að sínum ráðum. Erum við eitthvað að fara að breyta þeim áherslum sem hafa verið undanfarin ár og hvernig þá? Vegna þess að maður getur ekki vel lesið það út úr fyrirbyggjandi gögnum. Ég er hrifinn af grænu borginni og alþjóðaborginni en kaflinn um umhverfis- og samgönguráð segir mér voðalega lítið um það nákvæmlega hvernig borg við ætlum að vera eftir fimm ár. Sem þó getur breyst nokkuð dramatískt, eins og ég er að reyna að benda hér á.

Þannig að ég ætla nú bara að þakka þeim sem komu að þessu fyrir það góða verk sem þarna er í þessu en lýsi jafnframt yfir vonbrigðum með það sem er ekki nógu vel klárað og ítreka það sem ég vona að enginn fari að snúa út úr að það snýr auðvitað ekki að embættismönnum og þakka nú svosem fyrir hreinskilnina með það af því að hér er ekkert verið að reyna að halda því fram að þetta sé pólitísk stefnumörkun. Það er sérstaklega tekið fram að þetta sé það ekki. En með það er ég vonsvikinn en vona kannski að það glitti eitthvað í það í áframhaldandi umræðum og síðan í framhaldinu.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið máli sínu. Fleiri eru ekki á mælendaskrá og hér ... Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon óskað eftir að taka til máls.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vildi bara tæpa hérna á einu atriði. Það var vegna þess sem Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi sagði, þar sem hún var að svara því af hverju umræðan væri með þessum hætti. Hún í rauninni kom fram með þá ásökun gagnvart okkur sjálfstæðismönnum að við hefðum ekkert spurt hér um ákveðna málaflokka [óskýrt]. Og ég vil bara mótmæla því. Það kom fram í mínu máli að ég spurði hér um málaflokka og ég spurði sérstaklega út í málaflokka sem ég starfa í, sem eru skóla- og frístundamál og íþrótta- og tómstundamál og það vill svo til að þessir málaflokkar, ætli þeir nái ekki yfir 35-40 milljarða af borginni, sem eru nánast allar útsvarstekjurnar og gífurlega mikilvægir málaflokkar. Ég knúði hér á um svör og sagðist sakna þess mjög að sjá ekki stefnumótun í þessum mikilvægu málaflokkum og sakna þess að hafa ekki fengið nein svör við því. Sérstaklega vegna þess að Björk upplýsti jafnframt í máli sínu, ég heyrði ekki betur en að hún tæki svo til orða að þessi fimm ára áætlun hefði meira eða minna verið skrifuð af formönnum ráða.

Að vísu kom svolítið annað fram hjá borgarstjóra, mér fannst borgarstjóri svolítið reyna að kasta ábyrgðinni af eigin herðum yfir á einhverja embættismenn í fjármáladeildinni en ég heyrði ekki betur en að Björk teldi hér upp að þetta væri, það kom hér fram hjá formanni borgarráðs að formenn ráða hefðu komið að þessari vinnu, sem er auðvitað betra en ekki, og hjá formanni velferðarráðs, hún tók dýpra í árinna og sagði að þetta hefði verið skrifað af formönnum ráða og þess þá heldur að hefði átt að vera ástæða til þess að formenn ráða kæmu hér upp, til dæmis formaður menntaráðs og formaður íþrótta- og tómstundaráðs, komu hér upp. Þessir ágætu formenn eru auðvitað að vinna í þessum tölum alla daga, allan sólarhringinn ef ég þekki þá rétt. Þannig að það ætti að vera hæðarleikur fyrir þá að fjalla um þessar tölur.

Ég veit ekki hvort Björk heyrir bara það sem hún vill heyra, ég held að það sé ekki þannig, ég hef reynt Björk af því að vera mjög góðan borgarfulltrúa. Einhvern tímann var sagt í gamni um Gerald Ford, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, einhvern tímann þegar var verið að bera upp á hann að hann myndi ekki eitthvað, þá var einhver sem benti á það að hann hefði verið með tyggjó á fundinum og hann gæti ekki bæði tuggið tyggjó og lagt á minnið í einu, og Björk vísaði í að

Bstj. 30. nóvember 2011

hún hefði verið að hekla hér á þessum fundi en ég hef reynt Björk af því að hún er stálminnug og tekur vel eftir, þannig að ég held að þetta hljóti að vera algjör undantekning hefur hún hefur ekki tekið eftir því að ég var að spyrja út í þetta. En hér ætti að vera gott tækifæri fyrst það er búið að koma fram að þetta er meira eða minna skrifað af formönnum ráða, eða að minnsta kosti þeir komu mjög vel að þessari vinnu, þá hefðu þeir átt að geta svarað því hér.

Svo má auðvitað bara diskútera það sem Björk kom með hérna líka, borgarfulltrúi, og er bara góður punktur hjá henni, Björk Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa, að það er hvort að eigi að ræða þessi málefni við fyrri eða seinni umræðu áætlunarinnar sem er lögð fram og það er alveg rétt hjá Björk að hefðin hefur verið sú varðandi fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun að það eru einungis oddvitar sem tala við fyrri umræðu og svo er öllum sleppt lausum í seinni umræðunni og tala alveg eins og þeir geta, en mér finnst alveg ástæða til þess vegna þess að þessi fimm ára áætlun er lögð fram í þeirri stemmningu að hér séu einhver ný vinnubrögð, að þá finnst mér að við megum alveg endurskoða vinnubrögð okkar hér í borgarstjórn, vinnulagið. Og ég hef stundum velt því fyrir mér, ég get alveg sagt það hér, ég hef stundum velt því fyrir mér þegar við erum að ræða svona mikilvægar áætlanir sem við byggjum á allt okkar starf innan ársins og ég tala nú ekki um til framtíðar, þá hefur maður stundum velt fyrir sér að þetta auðvitað kemst ekki allt að við oddvitaumræðuna og seinni umræðan hefur mér stundum fundist vera því marki brennd að þá er auðvitað búið að ganga frá öllum breytingum og þá á bara eftir að samþykkja.

Ef til vill væri ástæða til þess að hafa þetta kannski öfugt, það mætti að minnsta kosti ræða það finnst mér hér í borgarstjórn, ef til vill gæti verið tilefni til þess einmitt að langa umræðan væri við framlagningu allra þessara áætlana okkar af því að það líður yfirleitt hálfur mánuður á milli og þá auðvitað er tími til þess að breyta mörgu. Kannski væri ekki slæmt að draga allan ágreininginn, allan skoðanamuninn, draga hann fram við fyrri umræðu þannig að menn geti síðan á milli umræðna, geti menn náð saman jafnvel um einhverjar tillögur til þess að seinni fundurinn verði ekki bara fundur þar sem allt er borið upp og samþykkt, heldur þar sem ættu sér stað raunverulegar breytingar sem væru niðurstaðan af samvinnu borgarfulltrúa milli umræðna. Þetta er nú svona þæling hjá mér en þetta

Bstj. 30. nóvember 2011

réði meðal annars þeirri afstöðu okkar að við vildum kalla eftir umræðum hérna í fyrri umræðunni en ákveðin vonbrigði að borgarfulltrúar meirihlutans, og meira að segja formenn ráða sem eru að vinna í þessu allan sólarhringinn, að þeir skyldu ekki hafa orðið við þessu ákalli um að skýra betur út fyrir okkur hvað þessi áætlun þýðir fyrir einstaka málaflokka því það er svo sannarlega ekki hægt að sjá það fyrir venjulegan leikmann eða borgarfulltrúa á þeim flóknu drögum sem hér liggja fyrir.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Forseti vill minna borgarfulltrúann á að borgarfulltrúum ber þegar þeir ávarpa eða vitna til annarra borgarfulltrúa í ræðu sinni, að nota fullt nafn. Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

## 1. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar, fyrri umræða

**Björk Vilhelmsdóttir:** Já, forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vildi bara biðjast afsökunar á því að ég þurfti að skreppa afsíðis hér áðan þegar borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hélt sína ræðu og því missti ég af hans innleggi varðandi spurningar inni á þeim fagsviðum þar sem hann er að vinna. Þá vil ég að það komi fram að ég sagði að formenn fagráða hefðu komið að þeim leiðarljósum og skrifað þau leiðarljós sem fram koma í fimm ára áætlun, þannig að það sé líka skýrt. Varðandi hinsvegar ný vinnubrögð og hvort umræðan eigi að vera öfug, þá vil ég alveg taka undir það, ég held að við eigum að ræða það hvort við eigum að snúa þessu við en á þeim forsætisnefndarfundi þar sem þessi borgarstjórnarfundur var undirbúinn, þar mættu engir fulltrúar af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, þeir bara létu vita í tölvupósti að þeir óskuðu eftir þessari umræðu með þessum hætti án þess að fylgja því eftir. En það var einmitt rætt þar að það gæti verið rétt að hafa hlutina eins og borgarfulltrúi Kjartan Magnússon var að segja, að við ættum kannski að snúa þessu við því það gæti orðið meiri og betri umræða þannig. En því miður var enginn fulltrúi á þessum forsætisnefndarfundi þannig að þetta var ekki rætt. Því miður.

**Forseti:** Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið við að veita andsvar. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og þá er gengið til atkvæðagreiðslu. Forseti vill biðja borgarfulltrúa um að ganga inn í borgarstjórnarsalinn einn, tveir og bingó [forseti hringir bjöllu]. Forseti ber þá upp að vísa fimm ára áætlun til síðari umræðu, þeir borgarfulltrúar sem samþykkja það gefið merki. Það telst því samþykkt. Þessum lið telst þá lokið. Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur óskað eftir því að taka til máls utan dagskrár. Fresta því aðeins? Alveg sjálfsagt.

Óskað hefur verið eftir því í öðrum dagskrárlið að hann verði tekinn út og það er að sjálfsögðu orðið við því og við förum þá í þriðja mál á dagskrá sem er atvinnustefna Reykjavíkurborgar. Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.